Skýrslur FSÍ um umhverfismat:

# Fornleifakönnun á fyrirhuguðu línustæði frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar



*Adolf Friðriksson og Magnús Á. Sigurgeirsson*

*Reykjavík 1999*

*Fornleifastofnun Íslands*

*FS097-99151*

© Fornleifastofnun Íslands 1999

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Mynd á kápu : *Tóftir á Ingiríði, Kröflulína í bakgrunni.*

Efni

1. SAMANTEKT ........................................ 6

2. INNGANGUR ........................................ 7

3. UMHVERFISMAT OG FORNLEIFAR ........................................ 8

4. RANNSÓKNARSVÆÐI ........................................ 9

5. FORNLEIFAKÖNNUN ........................................ 9

6. NIÐURSTÖÐUR ........................................ 16

7. HEIMILDIR ........................................ 17

8. FORNLEIFASKRÁ ........................................ 19

# 1. Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar við fyrirhugað línustæði frá Fljótsdalsvirkjun til Sómastaða í Reyðarfirði.
- Safnað var heimildum um fornleifar á svæðinu öllu, og hornpunktar línustæðis athugaðir á vettvangi.
- Fljótsdalslína liggur um 23 jarðir auk afrétta. Á þessu svæði eru a.m.k. 504 fornleifar.
- 6 friðlýstar minjar eru á svæðinu, en ekki í eða við línustæði.
- Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum eru a.m.k. 6 minjastaðir í hættu.
- Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt lögum. Óheimilt er að spilla þeim eða hylja.
- Fornleifanefnd getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirliggjandi tillögum um lagningu línunnar verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.
- Þegar endanleg hönnun línunnar liggur fyrir, er nauðsynlegt að kanna hvort staursetning kunni að spilla fornleifum.

## 2. Inngangur

Að ósk verkfræðistofunnar Hönnunar og ráðgjafar hf á Reyðarfirði, gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum við línustæði milli Fljótsdalsvirkjunar og Reyðarfjarðar. Er verkið liður í mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda og unnið fyrir Landsvirkjun.

Undirbúningur að rannsókninni hófst í byrjun september 1999 og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu. Gerðar voru vettvangsrannsóknir dagana 17-19. september 1999 og unnið úr rannsóknargögnum í septemberlok. Í þessari skýrslu er birtur árangur athugana á heimildum og á vettvangi.

Í fyrstu var gert ráð fyrir að gera endanlega úttekt á línustæðinu hvað fornleifar varðar, en þegar könnun var gerð á vettvangi kom í ljós að ekki lá fyrir endanleg ákvörðun um legu línunnar, né staðsetning einstakra staura eða mastra. Hægt hefði verið að ganga allt línustæðið og skoða á vettvangi allar fyrirliggjandi tillögur, en það hefði haft verulegan kostnað í för með sér, enda svæðið afar stórt, eða rúmlega 50 km á lengd. Var því lögð áhersla á að taka saman heildarskrá yfir fornleifar á svæðinu öllu samkvæmt fyrirliggjandi heimildum, en hins vegar látið nægja að skoða á vettvangi hornpunkta og almenna stefnu línunnar. Þegar hönnun línunnar er lokið verður nauðsynlegt að kanna, á vettvangi og með hliðsjón af meðfylgjandi fornleifaskrá svæðisins, hvort minjar sé að finna þar sem staurum hefur verið valinn staður.

Höfundar þakka Ara Benediktssyni hjá Hönnun og ráðgjöf á Reyðarfirði fyrir aðstoð við gagnaöflun og veittar upplýsingar.

## 3. Umhverfismat og fornleifar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifanefndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Viðurkennd aðferðafræði liggur ekki fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask. Þó miðar í þá átt að gerð sé markviss fornleifaleit í þágu undirbúnings að framkvæmdum.

## 4. Rannsóknarsvæði

Rannsóknarsvæðið náði frá stöðvarhúsi undir Teigsbjargi í Fljótsdal að Sómastaðagerði í Reyðarfirði.

Þegar vettvangsvinna fór fram lá fyrir að línustæðið yrði svo: frá stöðvarhúsi, austur eftir láglendi Fljótsdals norðan ár, að Melarétt, þvert yfir Jökulsá, að Brattagerði, fram Hallormsstaðamúla,yfir hann austur milli Lynghóls og Mýra, þvert yfir Grímsá að tengivirki við Hryggstekk. Þaðan inn Þórudal og Brúðardal að Áreyjum, og loks að lóð fyrirhugaðs álvers við Mjóanes í landi Sómastaðagerðis á Reyðarfirði. Áður en vettvangsathugun lauk kom fram að skoðaður yrði annar möguleiki á fyrsta áfanga línunnar: Í stað þess að fara frá stöðvarhúsi og meðfram byggðinni í Fljótsdal, er gert ráð fyrir að línan liggi uppi á Teigsbjarg og verði tekin niður Ingiríði austan Bessastaðaár, niður hjá Hamborg að Melarétt. Við úrvinnslu á vettvangsgögnum kom fram að ný tillaga lægi fyrir að þessum fyrsta áfanga, þ.e. frá stöðvarhúsi, yfir Jökulsá að Langhúsum, yfir Kelduá, hjá Víðivöllum ytri og fyrir Hallormsstaðaháls. Verða þessar leiðir kallaðar FL01-03a, b og c. Eftir að vettvangsathugun lauk kom einnig fram að önnur Fljótsdalslínan yrði hugsanlega lögð um Hallsteinsdal. Ekki hefur það svæði verið kannað enn.

## 5. Fornleifakönnun

Könnun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði fór fram í tveimur áföngum, a) könnun á fyrirliggjandi heimildum um fornleifar á svæðinu öllu, þ.e. þeim jörðum og afréttum sem línan liggur um, b) könnun á vettvangi með hliðsjón af hornpunktum fyrirhugaðs

línustæðis.

Heimildakönnun leiddi í ljós að á svæðinu öllu eru a.m.k. 504 fornleifar. Skrá er yfir þessar minjar í viðauka skýrslunnar. Af 504 stöðum eru 6 friðlýstir[1]. Enginn hinna friðlýstu staða er í línustæði. Við vettvangskönnun kom í ljós að nokkrir minjastaðir eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hér að neðan verður fjallað um fornleifar í eða við framkvæmdasvæðið í áföngum, frá Fljótsdal og austur til Reyðarfjarðar.

*FL01 – FL03a (Stöðvarhús-Langhús-Melarétt):* Verði línan lögð á þessum stað liggur hún yfir jarðirnar Valþjófsstaði, Langhús, Skriðuklaustur, Hamborg og Bessastaði. Á þessum jörðum er kunnugt um samtals 163 fornleifar. Ekki er kunnugt um minjastað sem lendir í línunni, en ekki er staðsetning þeirra allra þekkt, og vissulega geta fleiri minjar leynst á svæðinu en þær sem heimildir eru um. Línustæðið gengur þvert yfir svæði sem byggt hefur verið um langan aldur og eru því talsverðar líkur á að minjar sé að finna á einhverjum þeirra staða sem valdir verða fyrir staursetningu. Sem dæmi um stað sem gæti legið í línunni má nefna leifar kumls sem fundust út á melunum sunnan og suðaustan við tún hjá Valþjófsstöðum um aldamótin 1800, en ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar (Sjá Fornleifaskrá í viðbæti, nr. **NM-167:011**). Algengt er að fleiri kuml komi í ljós ef hróflað er á ný við stöðum þar sem stök kuml hafa fundist og koma þá jafnvel í ljós kumlateigar.

Við nyrðri enda þessa áfanga stendur Melarétt sem reist var um síðustu aldamót (sjá Fornleifaskrá í viðbæti, nr: **NM-173:014**). Mikilvægt er að hún njóti friðunar.

*FL01-FL03b (Stöðvarhús-Teigsbjarg-Ingiríður-Melarétt):* Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að fara upp fyrir byggðina, frá stöðvarhúsi og upp með Teigsbjargi, þaðan austur yfir Bessastaðaá. Eru langtum færri minjar á heiðarbrúninni en niðri í byggð og er þessi kostur því æskilegri hvað fornleifar varðar. Ekki er kunnugt um minjar sem lenda í línustæði, frá Teigsbjargi fram að Bessastaðaá, en hinsvegar eru fornleifar á hjallabrúninni sem nefnd er Ingiríður og er rétt austan Bessastaðaár. Voru þessar minjar skoðaðar sérstaklega í vettvangsferðinni.

---

[1] Þ.e. forn tóft og Bessahaugur í landi Bessastaða, kirkjugarður og kirkjutóft hjá Skriðuklaustri, hringmynduð girðing austan Múlaár í landi Arnaldsstaða og rústir fornbæjanna Atlavíkur og svonefnds Geitagerðis í landi Hallormsstaðar, sjá Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 56 og 58.




*Tóftaþyrping SM-173:021*

Hlíðin ofan við Bessastaði og Hamborg er aflíðandi og gengur vegurinn í hlykkjum upp hana, austan við Bessastaðaá. Á milli vegarins og árinnar liggur Kröflulína 2. Áður en komið er á brúnina er grösugur hvammur en næst ofan við hann er há klettabrún og innan við hana hjalli sem nefndur er Ingiríður. Þar er mýrlent frá klettabrúninni norður að annari klettabrún sem þar er. Nú liggur Kröflulína 2 upp brekkuna og í beinni stefnu yfir báða þessa hjalla, skammt austan vegarins. Möstur eru við brún efri- og neðri hjalla og er um 100 m á milli þeirra. Eru fornleifar yst á hjallanum á brúninni. Liggja þær á um 25 m löngu belti eftir brúninni. Um nánari lýsingu á þessum minjum sjá Fornleifaskrá í viðbæti, nr. **NM-173:021** Innan við hjallabrúnina, um 100 m vestan við áðurnefndar tóftir, og um 80 m norðan við mastur úr Kröflulínu 2 er enn ein tóft, (sjá Fornleifaskrá í viðbæti nr. **NM-173:029**).




*Stök tóft, SM-173:029*

*FL01-03c: (Stöðvarhús-Langhús-Víðivellir ytri):* Á þessu svæði eru a.m.k. 93 minjar. Ekki er kunnugt um minjar sem lenda í línustæði, en svæðið Langhús-Víðivellir hefur ekki verið skoðað.

*FL03-FL04 Melarétt-Brattagerði:* Ekki er kunnugt um minjar við línustæði norðan Jökulsár, að sjálfri Melarétt frátalinni. Sunnan árinnar eru byggðaminjar fast við hornpunkt FL04. Eru það leifar Brattagerðis. Sjá nánar um Brattagerði í Fornleifaskrá í viðbæti nr. **NM-154:017**. Bæjarhóllinn í Brattagerði er um 20 frá hornpunkti og fjárhústóft um 10 m sunnan við hornpunktinn og því í hættu. Er staðsetning hornpunkta beggja vegna Jökulsár því óheppileg hvað fornleifar varðar.

*FL04-FL11:Brattagerði-Vallholt-Buðl-ungavellir-Hallormsstaðaháls*: Á þessu svæði eru Hrafnkelsstaðir, Skjögrastaðir og Hallormsstaður og kunnugt er um 114 fornleifar. Þar sem línan liggur fyrir ofan byggðina er ólíklegt að minjar séu í uppnámi. Samkvæmt nýrri tillögu er gert ráð fyrir að önnur línan liggi neðan Víðivallabæja og þar gætu leynst minjar. Kom þessi tillaga fram eftir vettvangsferðina og þetta svæði því ekki athugað.




*SM-154:017 Brattagerði*



*FL11-FL23 Hallormsstaðaháls-Hryggstekkur-Þórudalsheiði-Áreyjar*: Er vettvangskönnun var gerð var gert ráð fyrir að Fljótsdalslína lægi um Hallormsstaðaháls, að Hryggstekk, þá Þórudal og að Áreyjum. Samkvæmt síðari tillögu greinast Fljótsdalslínur annars vegar á stuttum kafla um hálsinn og aftur




*SM-055:013, Bakkatóftir*

við Hryggstekk: Fer þá önnur áðurnefnda leið að Áreyjum, en hin fer inn Hallsteinsdal og að

Áreyjum. Hefur fornleifa ekki verið leitað á Hallsteinsdal, en upphaflega leiðin var skoðuð.

Á þessu svæði eru jarðirnar Geirólfsstaðir, Mýrar, Eyrarteigur, Hryggstekkur, Arnaldsstaðir, Hallbjarnarstaðir og Áreyjar. Alls er kunnugt um 118 minjar á svæðinu öllu. Frá Hallormsstaðahálsi liggur línan niður hallann, nánast á mörkum Geirólfsstaða og



*SM-055:013 Bakkatóftir*

Mýra. Þar eru melhólar og mýraflákar. Austan Grímsár liggur línan í tengivirkið á Hryggstekk. Ekki er kunn-ugt um minjar þar í línustæðinu. Frá Hryggstekk liggur línan að mynni Þórudals og inn dalinn. Um 150-200 m sunnan við línuna þar sem hún þverar Bakkatóftarlæk við mynni Þórudals,eru fornleifar, Bakkatóftir. Um þessar minjar sjá Fornleifaskrá í viðbæti, nr. **SM-055:013**. Öll hlíðin frá FL10-12 er með melhólum, og eru stöku vörðubrot á þeim.

Innar í Þórudal, á Smjörpollahæð undir Brúðar-dalsfjalli, er Þórutóft (SM-055:012) og enn sunnar, Sturlusel (SM-055:011). Þessar minjar eru ekki í uppnámi því línan fer suður yfir Jóku áður en kemur að hjallanum norðan megin. Hins vegar er fornleif sunnan árinnar, sem lendir í eða við línustæði. Þessi tóft er í landi Hallbjarnarstaða í Skriðdal (sbr. Fornleifaskrá: **SM-057:025**). Hún stendur norðarlega á Gjáarbölum, sem eru grónar brekkur sunnan Jóku og gegnt Brúðardalsfjalli. Tóftin er nánast hringlaga, með op í austur og veggi hlaðna úr grjóti. Er þetta líklega fjárbyrgi. Mikil skriða er beint upp af tóftinni. Um 40-50 m neðan við hana (austan við) er vegaslóði sem liggur inn dalinn, sunnan (vestan) ár.



*SM-057:025 Stök tóft á Gjáarbölum í Þórudal*

Sunnan Jóku, enn á Gjáarbölum, á móts við ármót Jóku og Brúðardalsár, er svæði sem gæti verið tóftasvæði. Þar kemur FL21 í horn andspænis Brúðardal. Þar er stór, grösugur bali, og hallar fremur lítið frá fjallsrótum til árbakka. Á honum miðjum er þýfð upphækkun sem ber ekki augljós merki um að vera mannvistarleifar. Neðan við þennan stað er iðgræn dæld og önnur skammt frá árbakkanum. Þær báðar líkjast fornleifum. Allir þessir staðir eru í FL21 línunni, en með öllu óvíst að hér sé um mannvistarleifar að ræða. Gil er í fjallinu fyrir ofan og miklar aurskriður. Getur verið að þetta sé aurkeila sem síðan hefur gróið yfir.

Línan liggur inn Brúðardal, að Áreyjum. Að frátalinni Hvalvörðu (sbr. Fornleifaskrá í viðbæti, nr. **SM-055:024**) er ekki kunnugt um fornleifar á þessum slóðum. Brúðardalur er þröngur og mjög grýttur og ólíklegt að þar leynist minjar. Ekki er vitað um minjar þar sem línan liggur að Áreyjum.

*FL23-FL26 Áreyjar-Sómastaðagerði:* Frá Áreyjum liggur línan yfir að Seljateigshjáleigu,

þaðan ofan við byggð Reyðarfjarðar og austur að Sómastaðagerði. Á þessu svæði er kunnugt um 40 fornleifar, en ekki vitað um fornleifar beint í línustæðinu. Hinsvegar vegna nálægðar við byggð gætu minjar verið þar sem staurar verða niður settir. Við Seljateigsgerði fer línan skammt fyrir ofan túnið. Suðvestan við túnið í Seljateigsgerði eru tóftir og gamlir húsgrunnar. Virðist þetta fremur nýlegt, en ekki ljóst frá hvaða tímum þessar leifar eru. Þessi staður er í línustæðinu. Húsaleifarnar liggja standa á grónum árbakka, í kverk sem er á milli Norðurár, gamla vegarins þar og melkambs. Þær eru um 15 m austan Norðurár, og um 5 m norðan gamla vegarins (65°01'59,4" N 14°17'33,0"). Hér hafa verið allnokkrar byggingar. Bugða til austurs á ánni hefur sorfið inn í tóftasvæðið og skammt þar hjá eru steinsteyptir grunnar og hlaðinn veggur úr grjóti.

Austan Seljateigsgerðis fer línan fyrir ofan byggð og ekki kunnugt um minjar í línustæðinu þar. Þar sem línan er tekin niður að Sómastaðagerði eru minjar frá stríðsárunum (**SM-136:007**) sem og minjar bæjarins og útihúsa, sbr. Fornleifaskrá í Viðauka, **SM-137:001** og **SM-137:002**.

# 6. Niðurstöður

Fyrirhugað er að leggja línu frá Fljótsdalsvirkjun til Reyðarfjarðar, um 50 km leið. Nær línustæðið yfir u.þ.b. 23 jarðir. Fjöldi minja svæðinu er alls um 504. Þar af eru 6 friðlýstar, en engin þeirra er í uppnámi. Hins vegar eru a.m.k. 6 fornleifar í línustæði. Þær eru:

- **NM-173:021** tóftaþyrping á Ingiríði austan Bessastaðaár.
- **NM-173:029** stök tóft á Ingiríði austan Bessastaðaár.
- **NM-154:017** leifar Brattagerðis og fjárhúsa
- **SM-057:025** tóft á Þórudal
- **SM-137:001** og **SM-137:002** Leifar bæjarhóls og útihúsa í Sómastaðagerði

Að auki eru a.m.k. 4 staðir í nágrenni við línuna sem huga þarf að við skipulag framkvæmdarinnar, s.s. við akstur utan vega o.þ.h.:

- **NM-173:014** *Melarétt*
- **SM-055:013** Bakkatóftir við mynni Þórudals
- **SM-136:007** Herminjar á Sandskeiði í landi Sómastaða
- **SM-055:024** Hvalvarða á Brúðardal.

Með hliðsjón af stærð svæðisins og miðað við heildarfjölda minja á svæðinu öllu má telja að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fornleifar verða litlar. Hins vegar er ekki er hægt að meta endanlegan fjölda minja í uppnámi, enda liggja ekki fyrir hvar möstur eiga að rísa. Þegar endanleg ákvörðun um línustæði liggur fyrir sem og hönnun þar sem fram kemur staursetning, er mikilvægt að ganga á hvern stað og kanna hvort þar leynast minjar.

## 7. Heimildir

Óprentaðar heimildir:


Fornleifastofnun Íslands:

Adolf Friðriksson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 1999. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði.* Reykjavík. FS093-99121.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifakönnun vegna Fljótdalsvirkjunar.* Reykjavík. FS053-98141.

Birna Gunnarsdóttir. 1997. *Skýrsla um menningarminjar á Hallormsstað ásamt Hafursá og Buðlungavöllum/Skjögrastöðum.* Reykjavík. FS030-97021.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Menningarminjar í Fljótsdalshreppi í Norður-Múlasýslu.* Reykjavík. FS078-98087.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Menningarminjar í Skriðdal í Suður-Múlasýslu.* Reykjavík. FS077-98086.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Menningarminjar í Vallnahreppi í Suður-Múlasýslu.* Reykjavík. FS076-98085.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Hrafnkelsstaðir; Ö-Vallholt; Ö-Víðivellir ytri; Ö-Langhús; Ö-Valþjófsstaður; Ö-Skriðuklaustur; Ö-Bessastaðir; Ö-Hamborg; Ö-Hallormsstaður; Ö-Eyrarteigur; Ö-Arnhólsstaðir; Ö-Hryggstekkur; Ö-Hallbjarnarstaðir; Ö-Mýrar ; Ö-Geirólfsstaðir ; Ö-Sómastaðir ; Ö-Teigargerði ; Ö-Bakkagerði ; Ö-Kollaleira ;Ö-Seljarteigur; Ö-Áreyjar.

Prentaðar heimildir og fjölrit:

ÁG: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Ágúst Ó. Georgsson sá um útg. Rv. 1990.

Árb. 1910: “Skýrsla um viðbót við Forngripasafnið...1909”, nr. 5724. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1910, bls. 76.

BMÓ: Björn M. Ólsen. “Valþjófsstaðarhurðin.” *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1884-1885*: 24-37.

Bruun, Daniel. "Við norðurbrún Vatnajökuls”. *Múlaþing VII,* 1974, 159-195.

DBFJ 1909: Bruun, D. og Finnur Jónsson. "Om hove og hovudgravninger paa Island." *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* 1909: 245-316.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823* , Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Rv. 1983.

Gestur Guðfinnsson: "Lítil samantekt um steinatök eða aflraunasteinar á Íslandi". *Farfuglinn* 1977,4-16.

Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum". *Múlaþing V,* 1970, 172-180.

Helgi Gíslason: "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti". *Múlaþing XIII,* 1984, 5-10.

HH:Helgi Hallgrímsson. *Mannvistaminjar í Fljótsdal. Skrá yfir gömul hús, aðallega úr torfi og grjóti, húsatættur af ýmsum aldri, réttir garðlög, vörður o.fl. gömul mannvirki,* 1990, Fjölrit í vörslu höfundar, afrit á Fornleifastofnun Íslands.

Helgi Hallgrímsson: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", *Austri,* 24 árg.

ÍF: Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. *Íslenzk fornrit* XI. Rv. 1950.

JJ: Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi... 1835-1845.* Kh. 1847.

Kålund, P. E. K. *Íslenskir sögustaðir IV.* Rv. 1986.

Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* Akureyri 1956.

ÓO: Ólafur Olavius. *Ferðabók...1775-1777.* Rv. 1964-65.

Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar 1874", *Austurland. Safn Austfirzkra fræða I,* Akureyri, 1947, 99-116.

Sigurður Vigfússon. "Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1888-92*: 28-60.

Sigfús Sigfússon. 1986. *Íslenzkar þjóð-sögur og –sagnir VI.* Hafnarfirði 1986.

SJM: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-II,* Egilsstaðir, 1975.

Skýrsla FÍ: Sigurður Guðmundsson. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík. I. 1863-1866.* Kh. 1868.

Steinunn Kristjánsdóttir: "Þórisárkumlið" Glettingur IX, 25-31

Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 5-6, ópr.

ÞSS: Sjá Sigfús Sigfússon.

# 8. Fornleifaskrá

**NM-154Rafnkelsstaðir**
12 hdr. 1695. Hrafnkelsstaða er getið í Hrafnkelssögu Freysgoða, sem og Lokhillu sem stóð áður þar sem H stendur nú. H er einnig getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 122, 149. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarteig og í máldaga Bessastaða. DI IV, 209, 212. 1570 og síðar eru R nefndir í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.Skriðuklausturseign 1847. Eyðihjáleigurnar Brattagerði [NM-128] og Hrólfsgerði taldar með. "H eru ysti bær í Fljótsdal austan ár, og á nyrsta hluta land milli Gilsár og Jökuldalsár inn að Víðivallamörkum frá Álavaði á Jökulsá og framanverða Brandsöxl á hálsinum og þaðan sama horf austur í Gilsá." Nýbýlið Vallholt stofnað 1946-'48. SJM II, 69.
1918: Tún 6,3 ha, garðar 930 m2. "Tún eru um hjalla, brattar brekkur og botna, greiðfær og harðlend. Víðs vegar um hlíðina allt neðan frá Jökulsá liggja klettabelti út og fram, fremur óreglulega. Dálítið undirlendi er þó niður við ána út af Vallholti, Gilsáreyri, Gilsárdalur liggur mun hærra en Fljótsdalssléttan, og vex Ranaskógur á mólendi yst í dalnum, en innar er mýrlendi, og voru þar meiri engjar en innar á dalnum. Annars voru útengjar aðeins smáblettir hét og þar um landareignina." SJM II, 69.

**NM-154:001** *Rafnkelsstaðir* bæjarhóll búustaður
HH: "Tættur gamla torfbæjarins heima á Hrafnkelsstöðum, fast við eldra steinhúsið, standa en að hluta til, og má þar sjá fagurlega hlaðna grjótveggi, þar sem hver steinn er vandlega valinn. Þessir gömlu veggir mynda skjólgarða fyrir gamla trjágarðinn á bænum, þar sem er að finna einhver hæstu reynitré landsins."
**Heimildir:** SJM II, 70; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

**NM-154:002** *Hjallahús* heimild um fjárhús
HH: "Hjallahús. Þar stendur eitt fremur lítið fjárhús/hesthús (?) með grjótveggjum og torfþaki, með birkitróði, öðru megin, en járnþaki hinum megin. Viðbyggð er lítil steinsteypt hlaða með járnþaki." "Á Grjótkofahjalla er fjárhús, nefnt Hjallahús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

**NM-154:003** *Grjótkofi* tóft fjárhús
HH: "Grjótkofi (tótt). Er stakt fjárhús, út og uppi á túninu, skammt fyrir innan Grænastekk, af venjulegri stærð og lögun, með viðbyggðri hlöðu að utanverðu, dyr að framan (snýr út og fram). Þekjan er alveg fallin, en veggir standa að mestu, enda vel hlaðnir." "Fram af Grjótkofa er Grjótkofatún, sem nær fram að Bæjarlæk." "Fremst á hjallanum var fjárhús, kallað Grjótkofi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5; Ö-Hrafnkelsstaðir, 2, 4

**NM-154:005** *Bakkahlaða* tóft hlaða
" Fremst og neðst í gamla túninu, er stök hlaða, kölluð Bakkahlaða." segir í örnefnalýsingu. HH: "Bakkahlöðutótt framan og neðan við bæ, stendur enn."
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

**NM-154:006** *Hrólfsgerði* bæjarstæði býli
Hrólfsstaðir nendir í Hrafnkelssögu og í skýringum segir að Hrólfsstaðir héu þar sem nú heitir Hrólfsgerði og fjárhús sé frá Hrafnkelsstöðum. JJ: "1760 eru 2 eyðihjáleigur Brattagerði og Hrólfsgerði taldar hér með." "Fornbýlið Hróflsgerði er þar sem nú stendur nýbýlið Vallholt um 1 km út frá H. Bæði býlin eru neðan fjalls ... Á báðum stöðum voru síðar beitarhús, og standa Vallholtsfjárhúsin nú á Hrólfsgerðinu." segir í Sveitum og jörðum. "Torf og grjótgarðar við Hrólfsgerði." "Fjárhúsin á Hrólfsgerði standa í túni, skammt fyrir utan nýbýlið Vallholt, og voru áður beitarhús frá Hrafnkelsstöðum. Talið er að þau standi á tóttum fornbýlisins Hrólfsstaðir, sem getið er í Hrafnkelssögu, og hafa fundist þar ýmsir munir, er virðast staðfesta það."
**Heimildir:** IF XI, 127. JJ 1847, 357; SJM II, 69, 70; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180; KK IV, 31

**NM-154:007** *Langagerði* hús fjárhús
HH: "Fjárhús, nokkuð langt, með hlöði að baki, járnþök og timburstafn. Húsið er byggt af Eiríki J. Kjerúlf bónda í Vallholti í kringum 1960, þannig að grafið var fyrir húsinu með ýtu inn í uppgróinn sandfokshól, Síðan voru hlaðnir grjótveggir að innan en að utan eru engir veggir. ..Veggir eru vanalega hlaðnir úr grjóti upp í fulla hæð og standa vel." Yzt á Skógarbala [sjá 032] er fjárhús, sem Eiríkur í Vallholti byggði um 1960 ..." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 3; Ö-Vallholt, 2

**NM-154:008** heimild um útihús
HH: "Núverandi [torfhús 1990] fjárhús eru mikil sambygging, þ.e. 6 samhliða hús, með hlöðum að baki. Aðalfjárhúsin eru fjögur, í miðri stæðunni, og tvö og tvö þeirra sambyggð, þannig að þar eru ekki milliveggir, heldur aðeins stoðir, er halda uppi húsasundinu, því að þökin eru samt aðgreind á hverju húsi fyrir sig. ...Einnig byggði hann stutt fjárhús framan við stæðuna, og hesthús utan við, með steyptum vegg að utan. Einnig byggði hann hlöðuna, sem er með endilangri húsaröðinni að ofanverðum, en þar segir hann að hafi verið fjárhús, sem sneri eins og hlaðan, er hann byrjaðii búskap."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 3

**NM-154:009** heimild um fjárhús
HH: "Skammt fyrir innan og ofan þá húsaþyrpinu sem hét var lýst á Hrólfsgerði, er stakt fjárhús með hlöðu, fremur lítið, veggir grjóthlaðnir og járnþök. hefur það verið endurbyggt af núv. bónda."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

**NM-154:010** *reykhús* heimild
HH: "Skammt fyrir innan og ofan þá húsaþyrpinu sem hér var lýst á Hrólfsgerði, er stakt fjárhús með hlöðu, fremur lítið, veggir grjóthlaðnir og járnþök. hefur það verið endurbyggt af núv. bónda. Rétt innan við þar er svo lítill torfkofi, nú líklega notaður sem reykhús."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

**NM-154:011** heimild um fjós
HH: "Heima við íbúðarhúsið [í Vallholti] er lítið fjós, hlaða úr torfi og grjóti, með hvítmáluðum veggsteinum að framan, og sambyggt við það lítið torfhús með timburstafni, líklega smiðja."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

**NM-154:012** *Háls* bæjarstæði býli
"Utan við Lækjardalsmela, eru vallgrómar tættur af eyðibýli, sem heitir Háls." segir í örnefnalýsingu. HH: "Þessar tættur eru austur við Gilsá, innst á Rananum, eða innan við hann. Að sögn Eiríks í Vallholti eru þarna merki um nokkur, sambyggð hús, og líkl. túngarð. Mestar líkur eru til, að þarna hafi verið sel frá Hrafnkelsstöðum eða Hrólfsgerði, meðan þar var búið."
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

**NM-154:013** dys
"Dys var á melrinda, stutt framan við Kirkjuhamar ..." "Þar á litlum tanga, er steinaröð, hringmynduð, þar innan í er sem uppblásin steinþró, sem snýr frá austri til vestur; hún er 6 fet á lengd. Þetta er allt saman uppblásið, svo að þetta er slétt við jörðu." "Inn frá Kirkjuhamarshjallanum gengur marafhjalli, nokkru lægra en hann, en þó aðeins hærri en nesið, rennisléttur að ofan, og hefur jarðvegur blásið af honum. Utan til á honum, nálægt norðurbrúninni, blés upp dys um aldamótin 1900."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4; SV Árbók 1893, 36; Ö-Vallholt, 4

**NM-154:014** heimild um myllu
"Myllutótt við bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum. "Myllutótt er við Bæjarlækinn, líklega skammt fyrir ofan veg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 70; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:015** *Álavað* heimild um vað
"H eru ysti bær í Fljótsdal austan ár, og á nyrsta hluta land milli Gilsár og Jökuldalsár inn að Víðivallamörkum frá Álavaði á Jökulsá og framanverða Brandsöxl á hálsinum og þaðan sama horf austur í Gilsá." segir í Sveitum og jörðum. HS: "Þekkt er Álavað fremst af Brattagerðiseyri og yst af eyrinni er annað vað [Skálavað]."
**Heimildir:** SJM II, 69; Helgi Gíslason "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

**NM-154:016** *Selás* örnefni sel
"Örnefnið Selár er í landinu, en engar menjar sels sjást þar." segir í Sveitum og jörðum. "Selás er klettur, utarlega á Breiðahjalla." "Þar sem Egjadalslækur fellur ofan í gilið, eru eldgamlar húsatættur á ytri bakkanum og stutt frá gilbarminum, nafnlausar. Er líklegast, að þar hafi verið sel frá Hrafnklesstöðum (sbr. Selásinn fyrrnefnda). Nú er grundin með tóttunum að verða kjarrii vaxin." segir í örnefnalýsingum

**Heimildir:** SJM II, 69; Ö-Hrafnklesstaðir, 2; Ö-Vallholt, 7

**NM-154:017** *Brattagerði* bæjarstæði býli 65°02.469 N 14°54.397 V

*Brattagerði* bæjarhóll Bæjarhóllinn í Brattagerði stendur undir lágum klettum, í brattri og grösugri brekku. Um 100 m austan við hólinn er rafmagnsmastur og þar hjá vegaslóði. Hóllinn er um 50-70 m í þvermál. Skammt norðaustan við bæinn eru leifar fjárhúsa og hlöðu. Túngarðsleifar sjást enn sunnan og vestan við bæjarstæðið. Leifum bæjarhúsa virðist síðar hafa verið breytt í fjárhús og hlöðu.
Um 12 m norðaustan við bæjarstæðið er tóft af fjárhúsum og hlöðu. Skiptist hún í tvö hólf, liggur fjárhúshlutinn A-V og hlöðuhólfið er við vesturendan en snýr þvert. Norðurhlið tóftarinnar er um 13 m löng, vesturgafl 9 m, austurgafl 5 m. Suðurgafl hlöðunnar er um 6 m en suðurveggur fjárhúsa frá hlöðu og að suðausturhorni um 7 m. Dyr eru á suðurvegg, um 40 sm breiðar, rétt innan við suðausturhorn. Inn í fjárhústóftinni er hlaðinn garði, um 6 m langur og 70 sm breiður og 35 sm hár. Veggir eru um 1,20 m breiðir og frá um, 50 sm allt að 2,0 m háir.
Um þennan stað segir í Sveitum og jörðum: "Annars er afbýli, Brattagerði kallað, í landareigninni rúman km inn af H, og má vera, að villst sé á nöfnum í heimildinni. ... Bæði býlin eru neðan fjalls skammt upp frá Jökulsá. Á báðum stöðum voru síðar beitarhús, ...". HH: "Um 1 km innan við Hrafnkelsstaðabæ eru beitarhúsin á Brattagerði. Standa þau á hólkolli eða halli skammt fyrir ofan veginn, í túnbletti, sem er umgirtur grjót- og torfgarði, og er nær alveg heill."

**Heimildir:** SJM II, 69; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

**NM-154:018** tóft smalakofi
HH: "Smalabyrgi (líklega grjóthlaðið) er á Byrgishjalla, upp af Skipabotni, sem er skammt fyrir innan túnið."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:019** *Gildruás* örnefni refagildra
HH: "Tófugildra hefur líkl. verið á Gildruás, eða Gildruhnaus, sem eru örnefni inn og upp í fjallinu."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:020** *Smalaskáli* örnefni smalakofi
HH: "Smalaskáli er örnefni utan í Hálsinum, og hefur þar líklega verið smalabyrgi."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:021** heimild um stekk
HH: "Stekkur hefur verið á Grænastekk, en ummerki hans líklega horfin."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:022** *Kvíabali* örnefni kvíar
HH: "Stekkur hefur verið á Grænastekk, en ummerki hans líklega horfin. (Kvíabali var þar skammt fyrir neðan, svo varla hefur þá verið stekkur þarna ?)."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:023** tóft stekkur
HH: "Á Timburfleti, eru tættur eftir fráfærustekk, og því stundum nefnd Stekkahjalli."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:024** tóft rétt
HH: "Réttir hafa verið m.a. á Réttarholti, milli Hrafnkelsst. og Vallholts (líkl. fast við veginn?) ..."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:025** tóft rétt
HH: " ... og á loftmynd sýnist vera rétt í hvammi, utan og neðan við Brattagerði, en ég hef ekki tekið eftir henni af veginum."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

**NM-154:026** *Kolás* örnefni
"Kolás er hryggur næst fyrir ofan Breiðahjalla. Hann nær frá Hrólfsgerðislæk inn að Bæjarlæk." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir, 2

**NM-154:027** heimild um uppsátur

"Suðvestan gamla garðsins heitir Krosshóll. Hann nær að Skipabotnslæk, sem fellur niður um svonefndan Skipabotn. Fremst í honum er Ferjuskot, þar var lögferjan bundin í hléi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir II, 1

**NM-154:028** *Kolabotnar* örnefni kolagröf
"Ofan hans eru Fláabrekkur, sem ná þvert yfir land jarðarinnar, utan frá Kolabotnum, sem Bæjarlækurinn fellur um, og inn á mörk fyrir ofan Hrosshamarssnið." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir II, 2

**NM-154:029** *Brandsöxl* þjóðsaga tröllabústaður
"Upp frá Fláum heita Kambar, en Brandöxl, bústaður Grýlu, ber við loft upp af Kömbum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hrafnkelsstaðir II, 3

**NM-154:030** *Vörðuholt* örnefni
"Bærinn [Vallholt] var byggður á svonefndu Vörðuholti, stutt fyrir framan (innan) beitarhúsin Hrólfsgerði ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 1

**NM-154:031** tóft geitakofi
"Ranasporður kallast yzt og nyrzt í Rana, inn og upp frá brúnni, og ofan við hann er Kiðujóll í skóginum, nær gilinu, en þar mótar fyrir gamalli kofatótt (geitakofa?)." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 1

**NM-154:032** *Skógarbali* heimild um áfangastað
"Utan við lækinn, ofan vegar, er grasi vaxin grund, nú túnblettur, sem heitir Skógarbali. Innan og neðan til á honum eru fáein eldgömul birkitré í þyrpingu ... Þarna er gamall áningarstaðir, og var stórvaxinn gamall skógur á balanum, sem höggvinn var upp um 1870-80, nema nokkur tré sem standa enn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 2

**NM-154:033** *Kirkjuhamar* þjóðsaga huldufólksbúst aður
"Stutt fyrir innan Skógarlækinn hefst svæði með nokkuð reglulegum, lítið hallandi hjöllum, sem víða eru með lágum klettum að norðan. Yzti og neðsti hjallinn nefnist Kirkjuhamar. Fram úr honum ganga nokkrir klettahöfðar í röð, úr meira eð aminna stuðluðu bergi. Reglulegast er það í miðhöfðanum og myndar þar þverhnýptan hamar, um 10 m háan. Mun það vera hinn eiginlegi Kirkjuhamar, þótt nafnið sé nú notað á allan hjallann." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 3

**NM-154:034** gata leið
"Stutt fyrir innan Skógarlækinn hefst svæði með nokkuð reglulegum, lítið hallandi hjöllum, sem víða eru með lágum klettum að norðan. Yzti og neðsti hjallinn nefnist Kirkjuhamar. Fram úr honum ganga nokkrir klettahöfðar í röð, úr meira eða minna stuðluðu bergi. Reglulegast er það í miðhöfðanum og myndar þar þverhnýptan hamar, um 10 m háan. Mun það vera hinn eiginlegi Kirkjuhamar, þótt nafnið sé nú notað á allan hjallann. ... Gamlar götur liggja upp á hamarinn að utan og inn eftir honum frá þeim tíma, þegar ófært var fyrir framan hann. Nú er túnblettur uppi á hjallanum, sem nefnt er Kirkjuhamarsflötur, og neðan við hamarinn Kirkjuhamarshylur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 3

**NM-154:035** heimild um mógrafir
"Innan við Stekkjarhjalla [023] er mýrarblettur með gömlum svarðargröfum, og úr þeim sytrar Svarðargrafalækur um gildrag niður hlíðar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Vallholt, 4

**NM-154:036** heimild um ferju
DB fékk þarna ferju á leið sinni um Austfirði 1901. HG: "Lögferja var á Jökulsá í Fljótsdal hjá Hrafnkelsstöðum."
**Heimildir:** DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 163; Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 6

**NM-154:037** heimild um legstað
SV: "Fyrir innan Gilsá, sem er fyrir innan Bolungavöll, þar á litlum tanga, er stenaröð hringmynduð; þar innan í er sem uppblásin steinþró, sem snýr frá austri til vestrs; hún er 6 fet á lengd. Þetta er alt saman uppblásið, svo að

þetta er slétt við jörðu. Það er auðsjáanlegt, að þetta eru leifar af fornum haug, enda sáust þar fyrir nokkrum árum uppblásin hrossbein, og með því að þetta er rétt fyrir ofan Hrólfsstaði, er líklegt, að þetta sé haugr Hrólfs, er þar bjó."
**Heimildir:** SV: Árbók 1893, 35-36

**NM-154:038** *Lokhilla* bæjarstæði
Hrafnkell færði nú bú sitt austr yfir Fljótsdalsheiði og um þveran Fljótsdal fyrir austan Lagarfljót. Við vatnsbotninn stóð einn lítill bær, sem hét at Lokhillu. Þetta land keypti H og reisti stóran bæ sem hét Hrafnkelsstaðir.
**Heimildir:** IF XI, 122

**NM-155Víðivellir ytri**
50 hdr. 1595, 1695, 1847. Víðivellir eru nefndir í Hrafnkötlu, ekki skýrt við hvaða V er átt. IF XI, 127. Víðivalla nyrðri er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 142. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarteig. DI IV, 209. 1467: Vitnisburður um landamerki og ítök V. "ad Vijdeveller ytre ætte Hwshoma firer handann kieldá og alla þá holma sem þar eru yffer ad þeim árgranda sem geingur uti Jökulsá firer handan Hwsholma. og svo wissum wie ad wideveller ýtre áátu skog ut wid Silsá i rana. og anan skogarpart fram a Stullaflaut. og upp á x hesta letorf árlega i Skridu jaurd. og fim stodhrossa beit á vetrum. og taka ecke fololld frá. Teig med ummerkium firer framan skogargoturnar offan offan frá skridu." DI V, 472. 1570 og síðar eru V nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. 1595: "Herdís Magnúsdótir og synir hennar ... og Bjarni Ólafsson vegna Þórdísar Jónsdóttur systur sinnar, selja Erlendi Magnússyni Ytri-Víðivelli í Valþjófsstaðakirkjusókn, 50 hndr. að dýrleika ..." Jarðabók 265. 1674: "Jón Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni hálfa Víðivelli ytri, en öll er jörðin 50 hndr. að dýrleika, og enn fremur vallarteig 1 hndr., fyrir Ekkjufell (N-Múl.), 20 hndr. að dýrleika, og 3 hndr. úr Gilsá, tiltekið hálft kotið Gelding." Jarðabréf, 280. 1674: "Sigfús Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálft hið fimmta hundrað í Víðivöllum ytri fyrir Fljótsbakka, ..." Jarðabréf, 280.Eyðihjáleigur 1847 Hlíðarhúss og hjáleigunnar Klúku. 1397: Er jörðin nefnd í máldaga. DI IV 209-212 [Valþjófsstaðar]1406: Jörðin er tilgreid í kaupmálabréfi Arnodds Brandssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur sem fékk jörðina sem sinn heimanmund frá föðu sínum séra Guðmundi Þorsteinssyni. DI III, 705-706. "Á V var bænhús og hefur fundist grafreitur sem virðist ekki hafa verið hreyfður eftir öskufallið 1460. ... Landamörk við Klúku eru við Grænaklettslæk yst í Klúkutúni upp í Sóleyjarbotn (skál efst í fjallinu) og þvert í Gilsá. Mörk við Hrafnkelsstaði eru fremst á Brettagerðiseyri við Jökulsá og upp með nýrri skógargirðingu og þvert um fjall í Gilsá. Enn eiga Va land handan Kelduár, ysta sléttlendið milli ánna inn í svokallaðan Granda. Það land heitir Hólmar, að mestu ræktað nú, en að öðru leyti þurrar grjót- og sandeyrar. ... Ítakaskrá V sýnir stöðu jarðarnnar í bændabyggð Héraðs. Samkv. F'18 á jörðin: Selland að Þórisstöðum í Hrafnkelsdal, selför í Seljadal (sem talið er að sé Hrafnkelsdalur), fjárgöngur fyrir 100 fjár í mánuð í Hrísnesi og skógarítak í Ranaskógi á Hrafnkelsstöðum. Heinildarmaður nefnir auk þess: Reka á Héraðssöndum og torfristu og hrossagöngu á Klaustursnesi en á móti því síðarnefnda kom skógarítak í Hlíðinni utan við Veturhús." SJM II, 65-66.
1918: Tún 8 ha, garðar 1254 m2. "Gamla túnið var brattlítið, en jarðgrunnt, slétt frá nátturunnar hendi, heimaengjar þurrar og slægar árlega, en votari og reytingsamari á Gilsárdal. Sumarhagar eru góðir fyrir allan búpening, enda þótt ekki sé um að ræða, víðlendar afréttir á heiðum og fjöllum og útbeit kjarngóð, nærtæk og landrými mikið." SJM II, 67.

**NM-155:001** *Víðivellir ytri* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918

**NM-155:002** heimild um bænhús
"Á V var bænhús og hefur fundist grafreitur, sem virðist ekki hafa verið hreyfður efir öskufallið 1460." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 66; Jarðabók 281-282

**NM-155:003** *Geldingahús* tóft fjárhús
HH: "Á heimatúninu, skammt fyrir ofan bæinn, upp við svon. Bæjarhjalla, eru tættur fjárhúsa, Geldingahúsa, orðnar vallgrónar." "Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan við það. ofan við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús [027] og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tótftin sést enn."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:004** tóft hesthús
HH: "Rétt fyrir innan þær er grjóthlaðinn hesthúskofi, með viðbyggðri smáhlöðu, og hefur þeim verið breytt í

reykhús. Á þeim er skúrþak af járni, en veggir teknir að falla."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:005** garðlag túngarður
"Túngarður við Gilsárlæk." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 67

**NM-155:006** heimild um hesthús
"Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan vi það. ofan við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn. [003]" segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 11

**NM-155:007** heimild um fjós
"Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 10

**NM-155:008** *Gimbrahús* heimild um fjárhús
" ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 10

**NM-155:009** *Lögrétta* örnefni
"Ofan við Eyrina, utan við bæinn, framan við Kofalækinn, er vallgróinn bakki, sem heitir Bringubakki. Uppi á honum er Langiteigur. Utan við hann, við lækin, er dálítil lægt, sem heitir Lögrétta. Víðivellir voru áður sýslumannssetur og þarna var réttur settur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 10

**NM-155:010** *Nýjahús* heimild um útihús
"Víðivallatún: Kelduá rennur rétt fyrir neðan bæinn, eða kvísl úr henni, en beygir svo aðeins frá, þar meðfram henni er neðsti hluti túnsins, sem heitir Eyri. Neðan við hana, utan til, kemur Hlíðarhúsakvíslin úr ánni. Ofan við Eyrina, út við Fremri-Giljalæk, heitir Holt. Framan við það er lág, sem heitir Kúalág. Framan við hana heitir Nýrækt, og framan við hana er Nýjahúsgrund. ... Ofan við Nýjahúsgrund er Nýjahúsið; að vísu gamalt, en heitir þó Nýjahús, nú horfið." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 10

**NM-155:011** heimild um áveitu
"Engjaáveita." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 67

**NM-155:012** *Hlíðarhús* bæjarstæði býli
JJ: "1760 og 1804 er hér að auki talin eyðihjáleiga, Hlíðarhús." "Afbýli og sel voru mörg í landareigninni, Hlíðarhús, í fjallinu út og upp af bæ, fóru í eyði um 1820 ..." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Hlíðarhús (rústir) eru beitarhús frá Víðivöllum ytri, rétt fyrir utan Hlíðarhúsalæk, og skammt fyrir utan og ofan nýbýlið Víðivelli ytri I, og tilheyra húsin nú þeirri jörð. Búseta var á Hlíðarhúsum fram til 1820, en þó varla stöðug byggð. (Þeirra er einnig getið í Grýlukvæði séra Stefáns)."
**Heimildir:** JJ 1847, 357; SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

**NM-155:013** *Urðarsel* bæjarstæði býli
"Afbýli og sel voru mörg í landareigninni, Hlíðarhús, í fjallinu út og upp af bæ, fóru í eyði um 1820, Urðarsel í ábúð á 17. öld ... Pálssen [svo] á Gilsárdal, selstöð um 1800." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Innanvert við Víðivallaurð, og inn og up af Veturhúsum, í um 100 m hæð t.s., eru tættur Urðasels, ... og virðist þá hafa verið búið þar [17. öld]."
**Heimildir:** SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

**NM-155:014** tóftir sel

HH "Í Selsundi, í Víðivallaskógi, inn og upp frá hlíðarhúsum, eru fornar seltættur, ..."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:015** tóft útihús
HH: "Gömul hústótt (líkl. af fjárhúsi), er á bala út við Giljalæk, út og upp frá bænum."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:016** *Gamlistekkur* heimild um stekk
HH: "Gamlistekkur nefnist barð, innan við Mórauðalækinn, neðan við Urðarsel." "Á því eru gamlar stekkjartættur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7; Ö-Víðivellir ytri, 4a

**NM-155:017** *Katla* varða
HH: "Katla heitir varða á Kötluhlíð, uppi í hálsinum (fjallinu), eftir þeim sem hlóð hana, en hann hét Ketill."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:018** *Víðivallarétt* heimild um rétt
HH: "Víðivallarétt, er líklega niðri á eyri við ána (Húseyjarkvísl), skammt fyrir innan Giljalæk. Hún var lögrétt fyrrum, að Rögnv. telur ."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

**NM-155:019** heimild um ferju
"Þar sem brúin er á Jökulsá, setti Methúsalem Kjarúlf upp straumferju til að flytja fé yfir á." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 2

**NM-155:020** *Brandsöxl* þjóðsaga tröllabústaður
"Þar inn af [Kömbunum] er dálítið hæð, klettabelti neðan í, og heitir það Stórahraun. Neðan við það og ofar eru mýrar, sem heita Stórahraunsmýrar. Ofan við Kambana er hár klettahjalli, sem heitir Brandsöxl. Eldgömul vísa hermir, að Grýla og Leppalúði hafi búið þar ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 3

**NM-155:021** vegur leið
"Ofan við Skógarhjallann er Neðri-Stöng, en hún breikkar framan við hann og ná þar Hrafnaklettarnir upp að henni milli Giljalækjanna. Í Stönginni, upp af Skógarhjallanum, frama til, er gil sem heitir Vegagil. Þar lá vegurinn áður fyrr austur á Gilsárdal, ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 8

**NM-155:022** varða
"Ofan við Efri-Stöng [019] er svo smáhlíð, sem heitir Vörðuhólshlíð. Á henni er hár hóll með vörðu á, sem heitir Vörðuhóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 8

**NM-155:023** *Kofi/Fossgerði* heimild
"Niður Bæjarhjallann renna tveir lækir, hér um bil samsíða. Þeir heita Kofalækur og Bæjarlækur. Þeir koma ofan af fjalli og falla niður í gegnum túnið, ofan í Kelduá." " ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði." segir í örnefnalýsingum.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 9; Ö-Víðivellir ytri, 10

**NM-155:024** heimild um áveitu
"Í hjallanum, rétt ofan við túnið, eru merki móti Klúku, er klettur, sem heitir Græniklettur. Framan við hann er Grænaklettslækur, sem er gamall áveitulækur, tekinn úr Bæjarlæknum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Víðivellir ytri, 9

**NM-155:025** *Fornasel* heimild um sel
" ... og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Beint upp af veturhúsum, í um 150-200 m.h.y.s., í svonefndum Fornaselsbotnum, eru tættur sem kallast Fornasel. Tvær tóttir eru nokkuð skýrar, snúa hornrétt hvor á aðra, báðar aflangar, um 15-16 m á lengd og 5-7 m breiðar, og báðar með nokkrum þverveggjum."
**Heimildir:** SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson:

**NM-155:026** *Veturhús* tóft beitarhús
" ... og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá." segir í Sveitum og jörðum. "Veturhús, (tættur), voru beitarhús frá Víðvöllum ytri, utarlega í landinu. Þetta voru tvístæð fjárhús, í hefðbundnu formi og stærð, með hlöðu að húsabaki. (Voru framan af öldinni notuð frá Bessastöðum). Hætt var að nota þau um 19 (?) og nú eru þar aðeins vallgrónar tættur, þar sem rétt sér móta fyrir veggjum, fast við þjóðveginn að ofan." "Fjallið: Frá láglendi upp á Háls utan frá. Frá merkjum móti Hrafnkelsstöðum og inn að Veturhúsum, sem eru gömul beitarhús, en nú tóft, er svæði, sem nefnt er Hlíð." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; Ö-Víðivellir ytri, 2

**NM-155:027** heimild um myllu
"Myllutótt við Hlíðarhúsalæk (myllusteinarnir til)." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við holtið [Hlíðarhúsaholt] kemur svo Hlíðarhúsalækurinn niður í gegnum svonefnt Myllugil. Þar var kornmylla við lækinn og mikið malað af korni." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 67; Ö-Víðivellir ytri, 5

**NM-155:028** heimild
ÞSS: "Nálægt 1880 var sá vinnumaður á Víðivöllum ytri í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu er Eiríkur hét Einarsson. Einn dag um vor var hann að elta lambá austur í svonefndri Víðivallahlíð. Hljóp hann yfir grafning á eftir ánni en avrð að fara ofan í hann. Þegar hann ætlaði að snara sér upp á hinn bakkann greip hann í víðitág er honum sýndist standa út úr bakkanum, til að létta sér hlaupið upp, og sleit hana frá og hélt í hendi sér þangað til hann hafði náð ánni. En þá varð honum litið á tágina og brá nú í brún því hann sá að tágin var hvorki meira né minna en járnhalda úr kistugafli. Við fyrsta hentugleika leitaði hann kirkjunar og oft síðan en fann hana aldrei."
**Heimildir:** ÞSS VI 1986, 25

**NM-163 Lánghús**
6 hdr. 1695. Valþjófsstaðakirkjueign, talin 6 hndr 1698 og 1804. "Hún liggur þvert um enda Múlans milli Jökulsár og Kelduár. Mörk við Glúmsstaði eru á svokölluðu Nesi við Jökulsá gengt Bjarnargjá á Hólsfjalli og við Arnaldsstaði beint á móti Víðivallagerðisbæ upp á Múlakoll og þaðan spöl til norðurs. Fyrrum áttu L láglendisspilduna milli ánna (Hólma), en hún lenti undir Víðivelli." SJM II, 53.
1918: Tún 2,3 ha, garðar 550 m2. "Tún harðlent og brunagjarnt í þurrkum, engjar einungis á Langhúsaeyri, sumarhagar f. stórgripi snöggir, komin vatnleiðsla ... " Túnsléttun hafin fyrir
aldamót. SJM II, 54.

**NM-163:001** *Lánghús*bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918; SJM II, 54; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

**NM-163:002** heimild um hlöðu
HH: "Gömul fjóshlaða er austast á túninu á Langhúsum, rétt neðan við veginn, snýr Au-V með dyrum austan á stafni en vindauga vestan á. Hlaðan er mikið niðurgrafin. Yfirbygging er í gömlum stíl, með þremur (?) stoðum í röð í miðju, en járnþak er á henni a.m.k. að hluta. Veggir standa nokkuð vel, en viðhald hefnur ekki verið nægjarnlegt, enda hætt að nota hlöðuna fyrir nokkrum árum."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

**NM-163:003** *Hólhús* heimild um fjárhús
HH: "Fjárhús neðan vegar skammt vestur af fjósinu, snýr samhliða dalnum."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

**NM-163:004** *Garðhús?* heimild um útihús
HH: "Aðalhúsin (Garðhús?) eru andspænis Hólhúsinu, sunnan vegar og örskammt vestan við íbúðarhúsið."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

**NM-163:005** *Ullartóft*heimild
"Þá eru hér nokkur nöfn, heima við bæ, í túni og nærliggjandi. Austast í túni var lægð, nefnd Ullartóft ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:006** *Austurhús* heimild um fjárhús
"Fjárhús voru dreifð um túnið, syðst var Austurhús ..." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:007** *Bakkhús* heimild um fjárhús
"Fjárhús voru dreifð um túnið, syðst var Austurhús , en út og niður frá bænum Bakkahús, ætíð kallað Bakkhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:008** *Húseyri* örnefni
HH: "Austan Múland heitir Húseyri og húseyrarkvísl, sem fylltist í skriðuhlaupunum 1941. Líklega kennt við einhver beitarhús." "Neðan undir Geitahjallaenda er klettur, sem heitir Háaklif, og að honum féll áin, eða réttara kvísl úr henni, sem hét Húseyjarkvísl, en farvegur hennar fylltist upp í skriðuföllunum miklu ... Sunnan Húseyjarkvíslar eru eyrar allstórar og lítt grónar, sem heita Húreyrar. Ná þær frá fremri enda Sandeyrar og út fyrir Háaklif. Yzti tanginn á þessum eyrum, þar sem kvíslin fellur aftur í ána, er grasivaxinn og kallaður Húseyjarhólmi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15; Ö-Langhús, 1

**NM-163:009** *Gamlistekkur* heimild um stekk
HH: "Gamlistekkur yst af Hrakhamri, þar fyrir ofan."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

**NM-163:010** *Hrakhamarsrétt* heimild um rétt
HH: "Hrakhamarsrétt er á melhjalla, sem gengur út frá Hrakhamri, lögrétt Múlamanna, hlaðin úr grjóti."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

**NM-163:011** *Geithús* heimild um beitarhús
HH: "Geitahús yst á Geitahjalla, á Múlaendanum. þar voru beitarhús frá Langhúsum, notuð til 1926-27."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

**NM-163:012** heimild um áveitu
"Áveitumannvirki töluvert, var á L, Jökulsá stífluð með grjótgarði, svo að lón myndaðist, garður yfir svonefnda Eyri við ána og síðan 300 m skurður." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 54

**NM-163:013** garðlag
"Grjótgarður var yst á Geitahjalla, fjárheldi." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 54

**NM-163:014** *Blautasnið* garðlag leið
"Út frá Hrakhamri liggur sniðgata, upp á Réttarhjallann [sjá 010], heitir þar Blautasnið ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 2

**NM-163:015** varða
"Bjarndýrsbotnar skipta svo milli Grjóthjalla og Vörðuhjalla, sem rís þar nokkuð hærra, en lækkar inn til landsins, endar hann við klettahornið Steinku ... Á Vörðuhjalla er Varða, sem mun vera lítið eitt sunnar en hávestur, borið saman við bæ." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 4

**NM-163:016** *Kvennagarður* garðlag
"Milli Seftjarnar og Þýfðalóns var garður, kallaður kvennagarður. Eftir honum lá engjagatan á Fram-Eyrina." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:017** gata leið
"Milli Seftjarnar og Þýfðalóns var garður, kallaður kvennagarður. Eftir honum lá engjagatan á Fram-Eyrina." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:018** *Torflón* örnefni rista
"Út og norður af Bæjarlóni var Djúpatjörn og talið í sömu röð: Húsfreyjulón, norður af því Torflón, þá tvö Bakkalón." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:019** *Ytra-Skógarvað* heimild um vað
"Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:020** *Fremra-Skógarvað* heimild um vað
"Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:021** *Drangsvað* heimild um vað
"Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað, þá er Drangsvað nálægt Drang, ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:022** *Melgrófarvað* heimild um vað
"Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað, þá er Drangsvað nálægt Drang, svo Melgrófarvað dregur nafn af Melgræfum í Valþjófsstaðalandi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:023** *Hundabrot* heimild um vað
"Aðeins innar [en 022] er Hundabrot og nokkru framan er Teigshúsvað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:024** *Teigshúsvað* heimild um vað
"Aðeins innar [en 022] er Hundabrot og nokkru framan er Teigshúsvað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 5

**NM-163:025** *Klúkuvað* heimild um vað
"Á móts við bæinn Klúku, sunnan Kelduár, er vað á ánni, nefnt Klúkuvað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Langhús, 6

**NM-163:026** *Langhúsa-Móri* þjóðsaga draugur
ÞSS "Auðunn hét maður er bjó í Langhúsum í Fljótsdal öndverðlega á 19du öld, Einarsson frá Haugur í Skriðdal, bróðir Einars í Haugum. ... Kom ein útsveitamaður þá [sennilega veturinn 1836-7] að Langhúsum með nokkrar kindur og bað Auðun taka þær af sér. En annaðhvort hafði Auðunn áður tekið svo margt fé sem hann gat hýst eða annað kom til þess að hann treysti sér eigi að taka af honum kindurnar. Er sagt hann bæri eigi fyrir bjargleysi heldur það að sig vantaði fjármann til að gæta þess. Reiddist þá útsveitamaðurinn og fór í styttingin en sagði þá um leið: "Ég skal hafa í huga að senda þér smaladreng áður en mjög langt um líður." ... Litlum tíma það á eftir þá er svo sagt að Auðun væri að sækja hesta sína suður á Geitahjalla sunnanvert í Múlanum. Vissi hann þá eigi fyrri til en þar kom allt í einu að honum strákur í mórauðum fötum og heldur ferðamikill. Sér hann þegar að það muni uppvakningsdraugur og sendur sér og muni þar kominn smaladrengurinn er útsveitamaðurinn lofaði. Fældi hann þegar hestana og drápu þeir sig þegar tveir fyrir Geitahjallann en Auðun komst heim og var þá illa útleikinn að menn hafa sagt, rifinn og tættur. Tók nú draugur þessi að sækja Auðunn allhart og villti einatt um hann."
**Heimildir:** ÞSS II, 211-213

**NM-167 Valþjófsstaður**
Kirkjustaður. 9,5 hdr. 1695. 1143-1180: Oddr Gizurarson prestur þar; c. 1190: Markús Gíslason af Rauðasandi gefur Sigmundi Ormssyni kirkjuvið úr Noregi, stóð sú kirkja við ritun Hrafns sögu hinnar sérstöku; Rafnssaga, Bsk I, 645 c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749. 1552. Vitnisburðarbréf Gissurar Helgasonar um Staðaröræfi frá Valþjófsstað. "Og heyrde eg alldre a þessvm arvm. at navckur ætti neina jtavlv fram a stadar ayræfi. hvorki lamba rekstur. nie annars penings. vtan hvndrat lamba rekstvr fra Skridv j Marivtvngur. enn staduren ætti j stadin vpp aa xx hesta torfskvrd arliga j Skridv land. Og eingin madur Rak sina peninga þessi fyrr greind aar hvorki fram af Selidal. eda vnder Snæfell. Og eigi hinv nyrdre ayræfin. Vtan med þess leyfi sem Valþiofstad hiellt. vtan busmala rekstur. sem i selivm var hafdur." DI XII, 379-380. Kirkjustaður. Hjáleigur Höll (NM-168) ásamt Garði (byggður 1804) og Hvammi. "Staðurinn á slóg til kolagjörðar í Lánghúsa, Arnhallsstaða og Þorgerðarstaðalöndum, en skógarteigur kirkjunnar í Ytri Víðivalla landi má heita liðinn undir lok; skógarteigur kirkjunnar í Hrafnkelsstaðalandi er notaður til eldsneytis. Aptur á móti er skógarpartur sá, sem staðurinn á fremra

Víðivalla landi eigi yrktur, en friðaður og í gróðri. Kirkjan á enn fremur 2 afréttarlönd, millum beggja Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökuldal, sem árlega eru brúkuð til skiptis fyrir hérum 1,500 fjár, og er þar nokkur grastekja; svo og þriðja afréttarlandið, á Suðurfelli, og er það notað fyrir lömb, og þar sömuleiðis nokkur grastekja. ...í með sendri afskrift af lögfestu gamalli er getið Rafnskelsdals, og skýrir presturinn frá, að með Aðalbóls heimalandi sé bygður Seljadalur, "sem meinist það sama sem Rafnkelsdalur". JJ 1847, 366-367. Jökulsá afmarkar Valþjófsstaðaland að sa. og austan. Upp frá ánni er Valþjófsstaðanes, mestallt þurrt og grasgefið með áveitu, annars harðslægt. ... Tvíbýlt er á V frá 1926, en 1949 var ræktunarlandi skipt og stofnað nýbýli á V II, á þriðjungi jarðarinnar. Stundum hefur verið tvíbýli á V I" SJM II, 39.
1918: Tún 10,8 ha, garðar 3000 m2. "V var og er landkostajörð, gamla túnið að vísu í þurrara lagi. Árlegur fengur af útheyi var um 400 hb. og oft lánað um 200 hesta engi eikmum landsetum
jarðarinnar. Haglendið er ágætt og óþrjótandi fyrir alla gripi sumar jafnt sem vetur, hrossaganga var talin hin besta á Héraði, landið skjólsælt og sérlega vorgott, ræktunarskilyrði yfrin." SJM II, 39.

**NM-167:001** *Valþjófsstaður* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918; SJM II, 40

**NM-167:002** heimild um kirkju
**Heimildir:** SJM II, ?; BMÓ, 24-37

**NM-167:003** *Hjallhúsið* heimild um fjárhús
HH: "Gripahús heima við bæinn. Af þeim er nú ekki eftir nema eitt fjárhús, Hjallhúsið, gamalt að stofni til, með grjót-torfveggjum, langs að ofan, en járnklæddum stafni og þekjum. Viðbyggð hlaða með járnþaki ("nýhúsastíll"). Húsið hefur verið gert upp þannig. Þar er uppi á lágum hjalla fyrir ofan bæinn."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

**NM-167:004** heimild um fjós
"Þá er næst í röðinni Fjósatunga. Þar var gamalt fjós, þá er komið inn fyrir bæ." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 3

**NM-167:005** *Kvíabólsrétt* heimild um rétt
"Og fremst á túni hét Kvíaból." segir í örnefnalýsingu. HH: "Kvíabólsrétt var á Kvíabólinu heima við bæinn á Valþjófsstað, norðan undir eða inn á milli melanna. Þetta var torfrétt, nú horfin."
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:006** heimild um áveitu
"... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790) ..." segir í Sveitum og jörðum. "Þar innar Stekkateigi, þar sunnan við koma þær saman Jökulsá og Keldáin, þar er vinkill á ánni. Þá er komið að Úthleypuskurði. Lengi var Jökulsá veitt á nesið, þessi skurður var grafinn út nesið, beygir hér utan við Valþjófsstaðamela og nær út í Klausturnes." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaður, 2

**NM-167:007** heimild um myllu
"... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790), einnig elsta myllan við Melgrófarlæk frá svipuðum tíma." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 40

**NM-167:008** *Nýigarður* garðlag áveita
"1890-'00: Hlaðinn áveitugarður á mörkum V og Skriðu. Var samkvæmt úttekt 555 faðma langur, 2 áln. og 13 þuml. á hæð og 2 áln, og 22 þuml á þykkt." segir í Sveitum og jörðum. "Áður var þarna garður hlaðinn úr snyddu, sem gegndi tvíþættu hlutverki, bæði sem varnar- og landamerkjagarður og sem áveitugarður. Nú er þessi garður falinn á stórum köflum. Hann hefur alltaf verið kallaður Nýigarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaðir, 1

**NM-167:009** *Garðar* bæjarstæði býli
JJ: "1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804 , en Hvammur talinn með staðnum." "Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Garðar voru á grundinni, um það bil miðja vega milli Prestssetur og Végarðs og heitir þar Garðstún og Garðahlaup."
**Heimildir:** JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson:

Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

**NM-167:010** *Hvammur* bæjarstæði býli
JJ: "1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804, en Hvammur talinn með staðnum." "Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Hvammur. Fornt býli og síðar beitarhús frá Valþjófsstað, inni í djúpum hvammi, framan við Valþjófsstaðamela. Búseta var í Hvammi til 1756."
**Heimildir:** JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

**NM-167:011** kuml legstaður
KE: "Séra Vigfús Ormsson hefur í fornleifaskýrslu sinni 1821 skráð eftirfarandi lýsingu á kumli, sem hann fann á Valþjófsstöðum: Þegar ég eitt sinn fyrir hér um 20 árum var að ganga um mela nokkra, er liggja sunnan og suðaustan við túnið á Valþjófsstað - hvörjir melar árlega blása upp undir túnið - sá ég fram úr moldbakkarofi standa lærlegg af manni, hvörsvegna ég fór í þeim sama stað að forvitnast um, hvört meira væri að finna; fann ég þar þá beinagrind af manneskju, er, eftir því sem beinin lágu, var að sjá hefði lagzt eður lögð verið þar hálfkreppt fyrir. Milli bols og höfuðs var mikið af stórum og smáum tölum, þær stærstu voru á stærð við fremstu kjúku vísifingurs á meðalmanni, þó nokkuð styttri, svartar að lit með hvítum og rauðum krossum, en hinar minni á stærð við krækjuber, einlitar eins og silfraðar væru; neðanvert við tölurnar, eða hvar brjóst manneskjunnar virðist verið hafa, lá nisti eða lítill ferhyrndur ferhyrndur koparskjöldur, hvör eð hér með fylgir til sýnis, en tölurnar eru allar týndar, svo ekkert af þeim getur senzt. Í mittisstað beinagrindarinnar voru 2 kopar-kvenskildir, er litu út fyrir að hafa verið á belti til að krækja að sér, þar eð á öðrum var krókur, en undir hinum sást vottur til vefnaðartjös með vaðmálsvígindum. Skildir þessir eiga hér með að fylgja til sýnis. Þessi skýrsla prestsins má heita skilmerkileg, t.d. um staðsetningu haugfjárins. Líkið hefur áreiðanlega legið kreppt á hliðinni eins og mörg önnur. Koparkvenskildirnir eru kúptar nælur, önnur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbr. Smykker 51k, með 7 ásteyptum hornum, hin af gerðinni Rygh 652 og 654, alveg eins og Smykker 51b. Það sem séra Vigfús kallar ...ferhyrndan koparskjöld ...er í rauninni kringlótt næla, en hið upphleypta verk, sem á henni er, gengur á fjórum stöðum út fyrir kringlubrúnina, og veldur það orðalagi prests."
**Heimildir:** KE 1956, 176

**NM-167:012** *Gunnhildargerði* bæjarstæði býli
"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Gunnhildargerði var um 20-30 m utar (og ofar) en félagsheimilið Végarður er nú, og sést þar dálítil þúst til minja um þetta forna býli."
**Heimildir:** SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

**NM-167:013** *Miðbær* bæjarstæði býli
"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH "Miðbær, sem var stutt fyrir ofan núverandi Presthús (Valþjófsstað I)." ATH rangt, Miðbær í eyði frá 1700.
**Heimildir:** SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 179

**NM-167:014** *Staðarsel* bæjarstæði býli
"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur. Eigi er kunnugt hvar Staðarsel var, ef til vill uppi í heiði eða Hrafnkelsdal." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 38

**NM-167:015** *Teigshús* tóftir beitarhús
HH: "Teigshús nefndust gömul beitarhús frá Valþjófsstað, inni í svonefndum Valþjófsstaðteig, um 2 km utan við bæinn Hól. Tættur þessar eru skýrar, á grund skammt fyrir ofan veginn."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

**NM-167:016** *Gamlistekkur* tóftir stekkur
HH: "Skammt fyrir utan Teigashúsin var stekkur frá Valþjófsstað, Gamlistekkur, og heitir Stekkeyri þar fyrir neðan. Þar munu vera töluverðar tættur að sögn Sverris Þorsteinssonar ..."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

**NM-167:017** *Selhjalli* örnefni sel
HH: "Selhjalli heitir hátt uppi í fjallinu ofan við Valþjófsstað, og eru þar líklega seltættur, en tæplega hefur verið búið þar."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

**NM-167:018** heimild um rétt
HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:019** *Stekkjartangi* örnefni stekkur
HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:020** tóftir rétt
HH: "Rétt við Végarð: Stutt fyrir utan girðinguna, utanvið félagsheimilið Végarð, mótar fyrir torfgörðum, er mynda nokkur hólf, líkt og í rétt, einnig garðstúfar sem stefna þvert á fjallið. Þessar minjar eru skammt fyrir utan og ofan eyðibýlið Gunnhildargerði."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:021** tóft+garðlag
HH: Rétt á Vatnsleysu, þ.e. efst á Melunum innan og ofan við bæinn, hlaðin úr grjóti, og Nátthagagarður við hana, en enn í notkun, fyrir bæinn."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:022** *Sigmundartótt* heimild
"Sigmundartótt hét norðan við gamla bæinn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 8

**NM-167:023** heimild um kirkjugarð
HH: "Gamli kirkjugarðurinn er í hlaðinu, andspænis timburhúsinu, og var hann sléttaður um 1920-30 og gróðursett tré í hann. Legsteinar og krossar voru flestir fluttir niður í nýja garðinn, einn kross er enn í þeim gamla."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:024** *Þjófaleiði* þjóðsaga legstaður
HH: "Þjófaleiði tvö voru fram og niðri á túninu, en hafa verið sléttuð."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

**NM-167:025** gata leið
"Innan við Hrísnesið lá niður Götudals, þar var gata niður á nesið [Valþjófsstaðanes]." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 1-2

**NM-167:026** garðlag
"Sunnan Nýjagarðs myndast lón, sem heitir Nýjalón, það er ofan þessa og nær niður í Hrísnesið. Þar innar er Gamlalón, þar var byggður garður löngu á undan Nýjagarði ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 2

**NM-167:027** *Kolabotnar* örnefni kolagröf
"Ofan við Torfhjalla er Torfhjallarákir og þar ofar er Sehjalli. Ofan hans er Selhjallarák. Ofan hans tekur við svæði, sem nefnt er Miðfjall. Í því heita Kolabotnar þeir eru yst í fjallinu og Garðaskriða er upp af Görðum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 4

**NM-167:028** heimild um ferju
"Þar sem straumferjan var á Jökulsá heitir Ferjueyri. Milli Nýjagarðs og Stekkatanga heitir Ferjubakki, hvorutveggja nýnefni frá 1917." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 6

**NM-167:029** *Drangsvað* heimild um vað
"Klettastapi í Jökulsá, nokkuð innan við tún, var kallaður Drangur, og þar var Drangsvað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:030** *Teigshúsvað* heimild um vað
"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsvað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:031** *Hundsbrot* heimild um vað
"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsvað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:032** *Melgrófarvað* heimild um vað
"Utan við Háamel er Melgrófarvað ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:033** *Fremra-Skógarvað* heimild um vað
"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá Kirkjunni." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:034** *Ytra-Skógarvað* heimild um vað
"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá Kirkjunni." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:035** *Langhúsastrengur* heimild um vað
"Milli Melgrófarvaðs og Drangavaðs er slæmt vað, kallað Langhúsastrengur. Talað var um að fara yfir Á Strengnum." segir í örnefnalýsingu. HG: "Langhúsastrengur hét vað sem stundum var farið á bílum eftir að þeir komu. Þá var farið á milli Langhúseyrar og Hvammseyrir neðan við Hvammshúsin, beitarhús frá Valþjófsstað."
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7; Helgi Gíslason "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

**NM-167:036** *Pálsvörður* varða
"Á brún Klausturhæðar, beint upp af Végarði eru tvær vörður, kallaðar Pálsvörður, nýnefni frá því um 1940, kenndar við Pál Kjerúlf frá Hrafnkelsstöðum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 7

**NM-167:037** heimild
Daniel Bruun getur þess að fáeinar litlar tættur hafi verið snertispöl SA frá kirkjunni.
**Heimildir:** DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 165

**NM-167:038** *Kirkjuvað* heimild um vað
HG: "Kirkjuvað kallast vað á ánni beint niður af Valþjófsstaðakirkju."
**Heimildir:** Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

**NM-167:039** heimild um sel
"selland [á kirkjarn] at laugarhusum. fiordung i kelldudal [+skóga og skógarteiga]"
**Heimildir:** DI IV 209-212

**NM-169Skriðuklaustur**
Kirkjustaður. 12 hdr. 1695. "1696 er jörð þessi með Hantónni talinn 12 h að dýrleika." JJ 1847, 362. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 293. 1397 er jarðarinnar getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 203. 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749."Segja má að Skriðuklausturland nái þvert yfir Fljótsdalsheiði milli Jökulsánna beggja, í Fljótsdal og á Jökuldal, og land þess deilist milli tveggja hreppa, því að Skriðubændur áttu og nýttu eða leigðu öll gögn og gæði og býlanna í Rana. ... Rekaítök átti jörðin á Héraðsstöndum, hálfan Helmingasand og selstöðu í Melalandi." SJM II, 35-36.
1918: Tún 8,7 ha, garðar 3000m2, nátthagi 2,1 ha. "S var talin í röð bestu jarða, engjar samfelldar, grösugar og greiðfærar, en votar til baga í rigningartíð og heyið létt til fóðurs, sumarhagar ágætir
fyrir alla gripi og hrossaganga góð, landið snjólétt og jarðsælt en vetrarbeit létt, enda landþröngt neðan heiðar fyrir margt fé. ... [1918] Tún að mestu slétt, fremur harðlent. Engjar samfelldar, grasgefnar, greiðfærar, sumpart mjög votar í óþurrkatíð." Túnsléttun hófst fyrir aldamót. SJM II, 35-36.

**NM-169:001** *Skriðuklaustur* bæjarhóll búrstaður
HH: "Um hin mikla og reysulega torfbæ Halldórs Benediktssonar, sem sagt er að hafi verið fyrirmynd annara bæja á Héraði, sjást nú heldur engin merki á yfirborðinu, nema varin hellan, og hluti af steinlagðri stétt neðan við bæinn."
**Heimildir:** SJM II, 37; Túnakort 1919; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24

**NM-169:002** heimild um kirkju
"Kirkja (bænhús) var á S frá 1512. Árið 1739 varð hún útkirkja frá Valþjófsstað, en lögð niður 1792. Kirkjutún heitir neðan við bæjarhallið, þar sjást rústir af kirkjugarðsveggjum og í kirkjugarðinum eru rústir, sem gætu verið af kirkju eða bænhúsi." segir í Sveitum og jörðum. DB: "Sjást rústir kirkju og kirkjugarðs u.þ.b. 600 fetum bæjarhúsanna, undir brekkuhalli." Hann telur einnig að hann sjái leifar af jarðgöngum milli bæjar og kirkju. Friðl. sem: "Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri."
**Heimildir:** SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 164; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56

**NM-169:003** *Skriðuklaustur* heimild um klaustur
"Tættur klausturrústanna ... Hafa líklega verið spölkorn innan og ofan bæjar, um það bil sem kúahlaðan er nú, og sér þeirra nú ekki teljandi merki." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalsh., 24; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 163-164

**NM-169:004** garðlag túngarður
"Tún afgirt með görðum f. aldamót ..." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Töluverðar leyfar eru enn af túngarði, fyrir ofan bæinn, frá tíð Halldórs."
**Heimildir:** SJM II, 36; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24

**NM-169:005** *Hringur* heimild um traðir
HH: "Framan við bæinn voru djúpar traðir, grjóthlaðnar að innanverðu, og var hægt að loka þeim á tveim stöðum og nota þannig sem hestarétt." "Upp af Fit og Fremsta-Nátthaga er svæði, sem heitir Hringur. Ofan við Hring var áður geysistór hestarétt og djúpar traðir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 24; Ö-Skriðuklaustur, 4

**NM-169:006** *Grundarhús* heimild um fjárhús
HH: "Grundarhús. Þetta eru einu torfgrjót-fjárhúsin sem enn standa á Klaustri. Þau eru á túninu (Grundunum), spölkorn utan við bæinn. Þetta eru tvö fjárhús, sem byggð eru saman í vínkil, og allstór hlaða úr bárujárni í horninu. Húsin eru bæði með járnþaki, en að öðru leyti upprunaleg. Veggir eru farnir að bila á fremra húsinu."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 25

**NM-169:007** heimild um myllu
HH: "Þá má nefna myllutótt við skurð úti í Melakróki yst á Nesinu." "Silungakíll, sem er á merkjun; upp úr honum hefur svo Mylluskurðurinn verið grafinn á merkjunum til að fá vatn fyrir kornmyllu." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 25; Ö-Skriðuklaustur, 1

**NM-169:008** heimild um kálgarð
"Í rituðum heimildum er þess getið, að Gísli Magnússon (Vísi-Gísli) hafi haft með höndum ræktunartilraunir, aðallega í garðrækt, á S. Hann var á S um 1649-'53 sýslum." segir í Sveitum og jörðum.

**Heimildir:** SJM II, 36

**NM-169:009** heimild um áveitu
"Í sóknarlýs. 1839 getur um uppistöðuáveitu á Klausturnesi." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Á Klausturnesi eru áveitugarðar og tilheyrandi mannvirki frá síðustu öld og framan af þessar."
**Heimildir:** SJM II, 36; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 25

**NM-169:010** *Hantóarhús* heimild um beitarhús
"Þá tekur við Valþjófsstaðafjall. Upp af Hanntóarmýrum eru í Klausturslandi Hantóarhús, þar eru beitarhús frá Skriðuklaustri." segir í örnefnalýsingu. "Spölkorn framan við túnið var hjáleiga Hantó (aðrir rithættir: Hvanntó, Handtó, Hamtó), sem fór í eyði 1803. Síðan voru þar beitarhús til 1950 eða þar um bil." segir í Sveitum og jörðum. "Þar inn af er nafnlaust svæði inn að Hantó, sem eru gömul beitarhús frá Klaustri, voru fjögur hús. Upp af Kvíabóli heitir Kvíaklöpp. Beint inn af henni er svo hantóarhjalli, sem svo nær inn fyrir ofan beitarhúsin." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Valþjófsstaður, 3; SJM II, 35; Ö-Skriðuklaustur, 4; Ö-Skriðuklaustur, 7

**NM-169:011** *Álar* heimild um vað
"Nú förum við inn fyrir Krókakíl og inn bakkann þar. Þar af bökkunum er yzta vaðið yfir ána, það heitir Álar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 2

**NM-169:012** *Bjarnarbrot* heimild um vað
"Þá eru hér innar tvö vöð á ánni, Kirkjubrot (er í Valþjófsstaðalandi) og Bjarnabrotm en það var þrautavað á ánni." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 2

**NM-169:013** garðlag
"Nokkuð innan við Álana liggur tangi fram af bökkunum út að ánni, hann heitir Klausturtangi. Upp frá tanganum liggur smágarður, svæðið utan við þann garð heitir Nýjalón." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 2

**NM-169:014** *Hagagarður* örnefni
"Hér upp af þessu, innan við Hagagarð og upp undir Klausturhamra ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 2

**NM-169:015** heimild um stekk
"Í Höllunum er allmikill klettahjalli, sem heitir Stekkjarhjalli. Hjallin er breiður og nær út að Bessastaða[ár]melum, ofan við Melakrókinn. Í innri enda Stekkjarhjalla heitir Stekkjarskot. Þar ganga fram klettar, sem mynda þetta skot. Það var hægt að refta milli þeirra, og þá var komið skýli." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 3

**NM-169:016** *Vörðumelur* örnefni
"Vörðumelur liggur út af Stekkjarhjalla ofan við Melkrók hægra megin við veginn, þegar fraið er út eftir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 3

**NM-169:017** *Bunuvellir* heimild um þvottastað
"... þá er Kirkjuvöllur. Þar eru leifar af hinum forna kirkjugarði ... Í króki milli Yzta-Nátthaga og Kirkjuvallar heita Bunavellir. Þar var ullin þvegin við læk, sem síðar var svo virkjaður til ljósa." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 3

**NM-169:018** *Götuhús* heimild um útihús
"Yzt á Keping, út við Grafninginn, heitir Götuhús, nú horfið." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 4

**NM-169:019** *Nýjuhús* heimild um útihús
"Yzt á Keping, út við Grafninginn, heitir Götuhús, nú horfið. Neðan við Kepping voru geysistórar þúfur. Keppingurinn nær heim að bæ og upp að vegi, efst á honum eru þar Nýjuhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 4

**NM-169:020** heimild um kálgarð
"Þar inn af [019] heitir svo ekki neitt, en þar er eða var kartöflugarður, neðan vegar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 4

**NM-169:021** *Kvíaból* örnefni kvíar
"Rétt innan við aðaltúnið, ofan við veginn, heitir Kvíaból, sneið af því lenti undir veginum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 4

**NM-169:022** *Bóndabrekka* heimild um áfangastað
"Klaustursbugur eða Klausturstunga er nafn á fjalllendinu hér uppi, ... Eyvindarkelda var fyrr nefnd. Næsta örnefni upp frá henni heitir Bóndabrekka, þar er áningarstaður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 5-6

**NM-169:023** *Finna* varða
"Norðan við Bugöldu er endinn á Vegufs, nefndur Vegfusarendi. Þar vestan við endann á melnum er varða, sem heitir Finna." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 6

**NM-169:024** *Steinka* varða
"Móti Finnu er önnur varða handan Lambakíls, hún heitir Steinka." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 6

**NM-169:025** *Friðrikslónsgarður* garðlag
"Norðaustur úr Gortjörn er Friðrikslónsgarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Skriðuklaustur, 7

**NM-169:026** *Bessasteinn* þjóðsaga
GG: "Meðal frægustu fornminja á Skriðuklaustri er svonefndur Bessassteinn, kúlulaga sveinvala, nokkru stærri en fótbolti, með smástöðri á einum stað. ... Hann er nú í "garðinum" fyrir sunnan Gunnarshúsið."
**Heimildir:** FF I, 34; Gestur Guðfinnsson: "Steinatök eða aflraunasteinar Farfuglinn 1977; HH: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", Austri 24 árg

**NM-169:027** þjóðsaga manndómsraun
HH: "Reyndar er annar slíkur [aflraunasteinn] við hlið Bessasteins á Skriðuklaustri, og hef ég engar fregnir haft af uppruna hans. ... Þessi steinn er heldur stærri en Bessasteinn, að lögun sem dálítið afflött kúla, og hvergi teljandi dæld eða slöður í honum."
**Heimildir:** HH: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", Austri 24 árg

**NM-169:028** *Hestasteinn* þjóðsaga
HH: "Enn er þriðji steinninn á Klaustri, langtum stærstur, eins og breiðvaxin kringla í laginu, en ekki vatnsnúinn neitt svipað og hinir. Ofan í hann miðjan hefur verið höggvin hola, nærri ferkönntuð, og um 15 sm. djúp. Í holu þessa hefur líklega verið rekinn staur eða kengur, er síðar var notaður til að binda við hesta, því að steinninn er nefndur Hestasteinn. Hann stendur nú á stalli austan við Gunnarshúsið."
**Heimildir:** HH: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", Austri 24 árg

**NM-169:029** heimild um nátthagi
Daniel Bruun sá afgirtan nátthaga á ferð sinni 1901.
**Heimildir:** DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 165

**NM-169:030** gripir kálgarður
1866: "Sléttur STEINSNÚÐUR, flatur annarsvegar, samskonar og Þjms. 313 og 327. Það mun vera snældusnúður. Hann fannst í kálgarði."
**Heimildir:** Skýrsla FÍ I, 141

**NM-170 Bessastaðir**
30 hndr. 1847. Fyrst minnst á jörðina á máldaga Bessastaðarkirkju frá um 1203. DI I, 340-342 Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og FLjótsdælu. IF XI, 142, 292-293. 1398 : Jöðrin er seld og er goldið fyrir hana jörðina Torfastaði í Vopnafirði með 2 öðrum jörðum, selstöðu og bænhúsi og að auki 20 kúgildi. DI III, 638-639. 1451: Bessastaðir nefndir í kaupmála Guðmundar Sigurðssonar og Guðnýjar Þorsteinsdóttur. DI V, 87.

Skriðuklausturseign. Hjáleigur, Bessastaðagerði, Melar og Hamborg. "Upphafleg landamörk B og hjáleignanna, þ.e. Bessastaðatorfunnar, er að sv. Bessastaðaá á stykki í fjallshlíðinni og að na. Hengifossárgil, að sa Jökulsá og að nv. Miðheiðarháls á hreppamörkum við Jökuldal. Bessastaðaá fellur na. nes, þ.e. dalsléttuna, spölkorn neðan við veginn og í Jökulsá utan við Bessastaðagerði. Bessastaðabýlin eiga land neðan við ána, og eru mörki (Hamborgar) við Skriðuklaustur þvert yfir nesið rétt innan við brúna á Bessastaðaá." SJM II, 30.
1918: Tún 5,5 ha, garðar 900m2. "Bessastaðabær stendur á grund milli fjalls og vegar, og gamla túnið er bæði ofan við veginn og neðan. Það er að miklu leyti slétt af náttúrunnar hendi fyrir neðan veg og grasgefið." SJM II, 31.

**NM-170:001** *Bessastaðir* bæjarhóll búst aður
**Heimildir:** SJM II, 31; Túnakort 1918

**NM-170:002** heimild um kirkju
"Á Bessastöðum var aðalkirkjan, en um eða fyrir 1200 flutt að Valþjófskirkjustað, þó hún ætti ekki nema hálflendu til 1306. ... hálfkirkja áfram á Bessastöðum til 1600 eða lengur ..." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, ?

**NM-170:003** *Goðaborg* heimild
"Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg)* suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum...""Í litlum fögrum hvammi, útsunnanvert við ána, gagnvart Bersastöðum, litlu ofar en áin kemr fram úr gljúfrunum, er löng tóft, mjög niðrsokkin, 60-70 fet á lengd; breiddin verðr eigi ákveðin, eða hvar dyr hafa verið, enn víst mun þetta vera blóthús Bersa." DBFJ 1909,314. "...syd for denne gaard /Bessastaðir/ löber en tværelv, og paa den (sydlige) bred af denne udpeger traditionen tomterne af hövdingen Berses hovtomt; omridsene er yderst svage. Stedet hvor de findes, kaldes Goðaborg; de er c. 13. m. l. og c. 6 m. br. og har ingen lighed med hovtomter, som man maa forestille sig disse. En grundplan findes i D.Bruuns sidstnævnte afhandling s. 157. "Friðl. sem: "Forn tóft, um 60-70 fet á lengd, í litlum fögrum hvammi útsunnanvert við Bessastaðaá, litlu ofar en hún kemur fram úr gljúfrunum."
**Heimildir:** Kaalund, bls. 24-25. ísl.sögust, IV; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56; Sigurður Vigfússon. (1893, 36); DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 162-163

**NM-170:004** *Bessahaugur* heimild um legstað
"Bessahaugur nefnist dálítil þúst, með tóttarlagi, neðst í gamla Bessastaðatúninu, sem á að vera haugur Spak-Bersa, og hefur nokkrum sinnum verið grafið í hann en með litlum árangri. Álög eru á honum eins og flestum öðrum "fornhaugum". Í rofinu innan í dældinni í haugnum sjást beinaleyfar o.fl.drasl." "Bersahaugur er sagður vera neðst í Bessastaðatúni (gamla) og fundust þar hrossabein." "1) Haugar. a.) Bessahaugur hvorr orpinn skal vera yfir Bessa landnamsmann, er bjó a Bessastödum I Fljotsdal; munnmæli folks er, ad þegar Bessi hnigin á efra aldur, kom eitt sinn a fætur undir hadeigi, og gekk úta hladid, hafi fyrir houm ordid stor Steinn a hladinu, hvörjum hann kastad hafdi undir Sólu af fæti ser, og undir eins so fyrirmælt, ad hann heygdur yrdi þar Steinninn stadar nymdi." "Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg)* suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum...""...syd for denne gaard /Bessastaðir/ löber en tværelv, og paa den (sydlige) bred af denne udpeger traditionen tomterne af hövdingen Berses hovtomt; omridsene er yderst svage. Stedet hvor de findes, kaldes Goðaborg; de er c. 13. m. l. og c. 6 m. br. og har ingen lighed med hovtomter, som man maa forestille sig disse. En grundplan findes i D.Bruuns sidstnævnte afhandling s. 157. "
**Heimildir:** Kaalund, bls. 24-25. ísl.sögust, IV; FF I, 34-35; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56; DBFJ 1909, 314; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:005** *Götuhús* heimild um útihús
HH: "Gripahús í túninu voru þessi nafngreind: Götuhús og viðbyggt Hesthús, stóð við gamla veginn (göturnar) framan við bæinn."

**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:006** heimild um hlöðu
HH: "Þar var einnig Kúahlaða, grafin niður í hól ..."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:007** heimild um fjárhús
HH: "Þar var einnig Kúahlaða, grafin niður í hól, Hrútakofi o.fl."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:008** heimild um fjárhús
HH: "Ærhús voru beint upp af bæ."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:009** heimild um kvíar
HH: "Kvíar voru þar sem nýbýlið Eyrarlandi er nú."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:010** *Þingvellir* örnefni
HH: "Þingvöllur nefnist ólöggt garðlag og vallgróið tóttarbrot á túninu , um 50-100 m suður frá bænum, rétt við veginn, sem hefur líklega verið lagður þar yfir. Þarna var brekkukorn sem kallað var Þingbrekka, og fjárhús, nefnt Þingvallahús, en þær minjar hafa verið sléttaðar. ... Á Bessastöðum var þingstaður langt fram eftir öldum, (til um 1800), og í fornum skjölum er minnst þar á þinghús." FF: "Fornir þingstadir edur Domhríngar. Þesskonar gyrdingu í ferkant, held eg se ad finna í hjaleigutuninu a Bessastodum og er hún a milli 30 og 40 fadma á hvorn veg - Sumra manna már er samt, ad þetta verid hafi Sadgardur Bessa; en nú er þad þó kalladr Hringur. - ""Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg)* suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum..."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28; FF I, 35; Kaalund ísl.sögust, IV, 24-25.

**NM-170:011** heimild um áveitu
"Sléttlendið "Nesið" er skraufþurrt og slétt. Á nesinu var lengi veitt vatni úr Bessastaðaá og hey af þeim mikið og kjarngott." segir í Sveitum og jörðum. "Við austurhorn Breiðumýrarlóns eru Kvíar. Þá er Pöltrur, smástykki; þar var stungið upp efni á áveitugarða í kringum lón sem heitir Mórauðipyttur, þar er aldrei tært vatn. Kringla er smáhorn yst og neðst í Breiðumýrarlóni. Þar hefur verið tjörn, sem var hlaðið um til að koma áveitunni á." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 30; Ö-Bessastaðir, 2

**NM-170:012** heimild um myllu
"Vatnsmylla við bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 31

**NM-170:013** *Þorgerðarþúfa* þjóðsaga legstaður
HH: "Þorgerðarþúfa var 25-30 m vestur af Bessastaðabæ, en skv. Þjóðsögu átti Þorgerður kona Bessa að vera jörðuð þar. Þúfan er nú horfin."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:014** *Gimbrastekkur* heimild um stekk
HH: "Stekkir voru á tveimur stöðum, Gimbrastekkur, uppi á Brekkunni fyrir ofan bæinn ..."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:015** heimild um stekk
HH: "Stekkir voru á tveimur stöðum, Gimbrastekkur, uppi á Brekkunni fyrir ofan bæinn og annar utan við Stekkalæk, nokkuð fyrir utan bæinn."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:016** *Péturskofi* heimild um smalakofa
HH: "Pétrukofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:017** *Bræðraborg* heimild um smalakofa
HH: "Pétrukofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni."
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

**NM-170:018** *Hæðarvarða* varða
HH: "Pétrukofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni. Þar eru einnig nokkrar myndarlegar vörður." "... Þar út og upp af var grjótvarða á hæð, kölluð Hæðarvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28; Ö-Bessastaðir, 6

**NM-170:019** garðlag áveita
"Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 1

**NM-170:020** *(Ytri-Ingiríður)* varða landamerki
"Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes, svo þar eftir að hafa verið hlykk á sig til norðvesturs, í Bressastaðaá á móts við fyrrnefndan Áveitugarð, svo beina línu í stóran stein í Breiðagili, svo í Þrísteina, ofan við gilið. Þaðan beina línu í grjótvörðu á Fálkaþúfu. (Hún hét áður Ytri-Ingiríður), sú fremri er í Hamborgarlandi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 1

**NM-170:021** *Sauðavarða* varða landamerki
"Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes, svo þar eftir að hafa verið hlykk á sig til norðvesturs, í Bressastaðaá á móts við fyrrnefndan Áveitugarð, svo beina línu í stóran stein í Breiðagili, svo í Þrísteina, ofan við gilið. Þaðan beina línu í grjótvörðu á Fálkaþúfu. (Hún hét áður Ytri-Ingiríður), sú fremri er í Hamborgarlandi. Þaðan beint í Sauðavörðu ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 1

**NM-170:022** *Merkigarður* örnefni landamerki
"Svo eru það merkin að innan suðvestan. Þar er það fyrst í Jökulsá, svo er það um Merkigarð í Úthleypuskurð í Hamborg ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 1

**NM-170:023** *Kvíar* örnefni kvíar
"Við austurhorn Breiðumýrarlóns eru Kvíar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 2

**NM-170:024** *Fífuhólmavað* heimild um vað
"Fífuhólmi er bakki, sem myndast af beygju; af honum er heybandsvað yfir ána, Fífuhólmavað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 2-3

**NM-170:025** *Krókur* heimild um vað
"Bessastaðaárbakkar eru suðaustan Bessastaðaár. Krókur er hjá Blesubakka og Fífuhólma. Þar var einnig heybandsvað, sem nefnt var Krókur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 3

**NM-170:026** *Aurhús* heimild um fjárhús
"Yzt og neðst var svo Aurhús, það var fjárhús, sem nú hefur verið sléttað yfir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 4

**NM-170:027** gata leið
"Reiðgötur lágu ofan við húsið [Götuhús] til ársins 1940 ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 4

**NM-170:028** *Ullarbali* örnefni þvottastaður
"Út af bænum er slétt grund, sem heitir Bali, og þar niður af heitir Ullarbali." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 4

**NM-170:029** heimild um mógrafir
Við Gimbrastekk 014 "Þar eru svarðargrafir frá Bessastöðum og Hamborg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 5

**NM-170:030** *Selhlíð* örnefni sel
"Nú hækkar landið og taka við Hlíðar, klettaraðir fara að myndast. Þær heita Selhlíð, Miðhlíð, og efst er svo Stapahlíð." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 6

**NM-170:031** *Grjótufsarvarða* varða
"Þá er komið upp að Grjótufs, sem nefnd var í sambandi við merkin; að neðan hennar, framan við Bæjarlæk er Símonarmelur. Á Grjótufs er varða, Grótufsarvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 6

**NM-170:032** *Eiríkslóngarður* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9

**NM-170:033** *Breiðumýrargarður Ytri* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:034** *Breiðumýrargarður, fremri* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri og Breiðumýrargarður, Fremri - oftast var áttamiðunin höfð á undan." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:035** *Fremstalóngarður* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleupuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri og Breiðumýrargarður, Fremri - oftast var áttamiðunin höfð á undan. Fremstalóngarður, Miðlóngarður, Nýjalóngarður og Yztalóngarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:036** *Miðlóngarður* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri og Breiðumýrargarður, Fremri - oftast var áttamiðunin höfð á undan. Fremstalóngarður, Miðlóngarður, Nýjalóngarður og Yztalóngarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:037** *Nýjalóngarður* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri og Breiðumýrargarður, Fremri - oftast var áttamiðunin höfð á undan. Fremstalóngarður, Miðlóngarður, Nýjalóngarður og Yztalóngarður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:038** *Yztalóngarður* heimild um vörslugarð
"Ofan við Úthleypuskurðinn hét Eiríkslón, kennt við Eirík Sæmundarson ... Hann hlóð þar flóðgarð, rétt fyrir síðustu aldamót, sem hét Eiríkslónsgarður. Við lónið voru samnefndir flóðgarðar, flestir hofnir nú. Þeir hétu Breiðumýrargarður Ytri og Breiðumýrargarður, Fremri - oftast var áttamiðunin höfð á undan. Fremstalóngarður, Miðlóngarður, Nýjalóngarður og Yztalóngarður." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Bessastaðir, 9-10

**NM-170:039** *Bessabrunnur* heimild um brunn
Minnst er á Bessabrunn í Fljótsdælu. Þar semnú er dý eða fen sem heitri Klausturpyttir fyrir sunnan melana.
**Heimildir:** IF XI, 294

**NM-173 Hamborg**
Hjáleiga Bessastaða. 6 hdr. 1695. "Jörðin á land frá Bessastaðaárgili og að Bessastaðalæk rétt innan við Eyrarland, auk þess væna engjaspildu í Klaustur- og Bessastaðaengi, og heiðarflæmi, sv. Bessastaðavatn neðan af Ingiríði og nv. á hreppamörk á Miðheiði. Ingiríður er klettahæð í hlíðarbrúninni upp af H ... Jörðin fór í eyði 1958." SJM II, 33.
1918: Tún 3,2 ha, garðar 1060 m2, nátthagi 0,3 ha. "Jörðin er áþekk að náttúrifari og t.d. Bessastaðir, töluvert ræktunahæft land ónotað, sumarhagar miklir og ágætir, en útbeit létt og vetrarbeitilandið þröngt." SJM II, 33.

**NM-173:001** *Hamborg* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** SJM II, 33; Túnakort 1918

**NM-173:002** garðlag túngarður
"Enn hluti af túngarði mjög gömlum ..." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 33

**NM-173:003** heimild um fjárhús
"Enn hluti af túngarði mjög gömlum og gömul fjárhús, þar sem innistöðudagar eru merktir á stoðir." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 33

**NM-173:004** heimild um fjárhús
HH: "Fjárhúsin hafa verið í röð undir frá bænum og út frá honum. Fremst eru tvístæð fjárhús, með hlöðu að baki. (Þau eru undir Gálgakletti, þar sem sagt er að sakamenn á Bessastaðaþingi hafi verið hengdir.) Fremra húsið er með hálfföllnu torfþaki, en það ytra með járnþaki, eins og hlaðan. Framan við húsin er rétt. Veggir húsanna eru orðnir heldur hrörlegir."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:005** *Gálgaklettur* heimild um aftökustað
HH: "Fjárhúsin hafa verið í röð undir frá bænum og út frá honum. Fremst eru tvístæð fjárhús, með hlöðu að baki. (Þau eru undir Gálgakletti, þar sem sagt er að sakamenn á Bessastaðaþingi hafi verið hengdir.)"
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:006** heimild um fjárhús
HH: "Næst fyrir utan er stakt fjárhús, sem snýr samhliða brekkunni, með járnþaki undir torfi, orðið lélegt. Timburstafn að framan hefur verið rifinn. Smákofi (eða hlaða) hefur verið viðbyggð húsinu að utan, og heystæði ofanvið."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:007** heimild um útihús
HH: "Þá er tótt af öðru húsi, sem snýr þvert á brekkuna, og hlöðutótt ofan við."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:008** heimild um útihús
HH: "Spölkorn utan við bæinn er tvístæð hús, með hlöðu bakvið, með járnþaki. Sjálf húsin hafa verið með torfþaki, sem nú er fallið inn. Timburþil hefur verið á fremra húsinu."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:009** heimild um útihús
HH: "Um 50-60 m fram og niður af bænum er enn smátótt, líklega af hesthúsi, þekjan fallin og veggir að mestu."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:010** heimild um fjós
HH: "Heima við gamla íbúðarhúsið, sem er steinhús, og orðið hrörlegt, eru fjóskofi með gömlu en hálfföllnu

torfþaki, og skemma með járnþaki og þili að framan."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:011** heimild um skemmu
HH: "Heima við gamla íbúðarhúsið, sem er steinhús, og orðið hrörlegt, eru fjóskofi með gömlu en hálfföllnu torfþaki, og skemma með járnþaki og þili að framan."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:012** garðlag kálgarður
HH: "... gamall matjurtagarður, SV við húsið."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:013** *Goðaborg* heimild
"Hofsstaðurinn heitir Goðaborg og er í landi Hamborgar innan við Bessastaðaá." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Goðaborg. Svo nefnist óglögg tótt í litlum hvammi, framan við Bessastaðaána, um 200 m ofan vegar, og beint upp af réttinni. Tóttin eða dældin er ferhyrnd, aflöng, um 4x6 m að stærð (innanmáli), fáeinir steinar afmarka tóttina að norðvestan. (Samkvæmt eldri lýsingu á tóttin að vera 60-70 fet á lengd / Hugsanlega er tóttin á öðrum stað en ég skoðaði, en Aðalbjörn fv. bóndi í Hamborg taldi hana vera þarna."
**Heimildir:** SJM II, 30; HH: Menningarminjar í Fljótsdal, 26

**NM-173:014** *Melarétt* rétt
HH: "Fljótsdalsrétt er aðalskilarétt Fljótsdæla og stendur á Melunum framan við Besastaðaána, rétt við landamerki Hamborgar og Klausturs. Réttin var byggð laust eftir aldamótin, að undirlagi Halldórs á Klaustri, að því er flestir telja. Hún er öll hlaðin úr hnullungagrjóti, sem sótt var út í farvegi árinnar."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26

**NM-173:015** *Bessagötur* heimild um leið
HH: "Þá heita Bessagötur vestur yfir heiðina frá Hamborg."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 162-163

**NM-173:016** *Sunnevuhylur* þjóðsaga
HH: "Neðan við gilkjaftinn er Sunnevuhylur, en þar átti Sunneva Jónsdóttir, sakakona á 18. öld, að hafa drekkt sér eða verið drekkt, skv. þjóðsögum."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjarí Fljótsdal, 26

**NM-173:017** *Leikskálar/Skálatættur* heimild
HH: "Leikskálar. Eru tættur niður á nesinu (eða Hamborgartanga), niður undir Ánna. Handa menn að þar hafi verið leikskálar, sem þjóðsögur telja að hafi verið samkomustaður (og líklega bær) Fljótsdæla í fornöld, og við hann sé kennt Skálavað, sem getið er í Hrafnkelu, en þar er nú ekkert vað." "Yzt í Fremstalóni eru fornar rústir. Þar gætu verið Leikskálar, sem nefndir eru ... Þar stutt frá, við Melakvísl, er sagt, að hafi verið var á Jökulsá, Skálavað ..." segir í örnefnalýsingu. DB: " ... á gróinni sléttu fast við ána eru nokkrar tættur, sem nefnast Skálatættur og nálægt þeim sjást enn fornar reiðgötur [Bessagötur]." Daniel Bruun
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26; Ö-Hamborg, 4; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 163, 164

**NM-173:018** *Skálavað* heimild um vað
HH: "Leikskálar. Eru tættur niður á nesinu (eða Hamborgartanga), niður undir Ánna. Handa menn að þar hafi verið leikskálar, sem þjóðsögur telja að hafi verið samkomustaður (og líklega bær) Fljótsdæla í fornöld, og við hann sé kennt Skálavað, sem getið er í Hrafnkelu, en þar er nú ekkert vað." "Yzt í Fremstalóni eru fornar rústir. Þar gætu verið Leikskálar, sem nefndir eru ... Þar stutt frá, við Melakvísl, er sagt, að hafi verið var á Jökulsá, Skálavað ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** IF XI, 126; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26; Ö-Hamborg, 4

**NM-173:019** garðlag nátthagi
HH: "Stekkur og Nátthagi eru í stórum og vel grónum hvammi að utanverðu í Bessastaðaárgilinu, neðantil. Grjótgarður umlykur stekkjartóttina, en nátthaginn er girtur grjót- og torfgarði."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26

**NM-173:020** heimild um myllu
HH: "Myllutættur eru við Bessastaðaána, eða öllu heldur við kvísl úr henni, sem fellur milli tveggja hólma."

**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26

**NM-173:021** tóftir sel? 65°03.789 N 14°57.614 V
Um 40 m austan við rafmagsmastur Kröflulínu 2 á brún neðra hjallsins ofan við Hamborg eru nokkrar tóftir og aðrar mannvistarleifar, sem liggja á um 25 m löngu belti eftir hjallabrúninni. Brúnin sjálf er jökulsorfin klöpp og á henni liggja stór björg og laus grjótruðningur. Neðan við brúnina er þverhnýpi, um 10-15 m hátt. Allir veggir í tóftunum eru hlaðnir úr fremur stóru grjóti og hefur verið stuðst við klettaveggi til að auðvelda hleðsluverkið. Vestast er lítil tóft sem snýr A-V, opin á austurgafli. Um 10 austar er tóft sem skiptist í þrjú hólf. Vestast er lítið, ferhyrnt hólf sem myndað er úr stórum klettum vestan og norðan, sunnan megin er hlaðinn veggjarstúfur en austurgafl opinn. Veggurinn er 1,5 m langur og hólfið er um 2,7 m breitt. Beint vestur af því er ögn stærra hólf, hlaðið úr grjóti alla vegu, en norðvesturhorn er myndað með stórum kletti. Er hólfið um 2 m á hvorn veg. Samsíða því að norðan verðu er svo þriðja hólfið og er það stærst. Það snýr A-V, um 7 m langt og 3,2 m breitt. Suðvesturhornið er klettur.
Vegghleðslurnar eru allar svipaðar: óreglulegar hleðslur úr stórum hnullungum, 1, 2 eða 3 umför og 20-40 sm háar.
Um 25 m ofan (norðan) við vestustu tóftina er grænn blettur og liggja þar kindabein á víð og dreif. Er ljóst að þarna hefur töluverður fjöldi kinda verið urðaður. Ofan við og á milli vestustu tóftarinnar og hinna þriggja er lítið ferhyrnt hólf ofan í jarðveginn, um 50 sm x 40 sm. Virðist þar hafa verið brunnur.
Í skýrslu Helga Hallgrímssonar um fornleifar í Fljótsdal segir svo: "Uppi á klettahjalla í heiðarbrúninni fyrir ofan Hamborg, eru einkennilegar minjar, tættur af grjóthlöðnum byrgjum eða smáhýsum, en stórgrýti er þarna mikið og notað að hluta sem veggir. Kletturinn kallast Ingiríður, og rústirnar "Selið á Ingiríði", en um notkun þess veit enginn neitt, nema munnmæli segja að kletturinn heiti eftir selráðskonu þarna."
Ekki er ljóst hvaða leifar þetta eru, ekki er víst að þarna séu leifar sels.
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:022** *Hósakofi*
Í skrá HH um mannvistarleifar í Fljótsdal segir: "Enn ofar [en "selið" á Ingiríði] er Hósakofi á heiðarbrún, kenndur að sögn við Hóseas Jónsson vinnumann í Hamb, um aldamótin."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 27

**NM-173:023** *Svarðargróf* örnefni mógrafir
"Merkin móti Bessastöðum eru um landamerkjagarð, sem liggur úr bakka Jökulsár í áveituskurð, utanvert við Þræturófu. Þaðan beian línu í grafning á merkjunum í brekkunni ofan við túnið. Þaðan beint í Svarðargróf ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hamborg, 1.

**NM-173:024** heimild um stekk
HH: "Stekkur og Nátthagi eru í stórum og vel grónum hvammi að utanverðu í Bessastaðaárgilinu, neðantil. Grjótgarður umlykur stekkjartóttina, en nátthaginn er girtur grjót- og torfgarði."
**Heimildir:** HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26

**NM-173:025** heimild um stekk
"Út frá Sunnevuhyl er Brekka, liggur hét fyrir ofan túnið. Þar skammt frá kemur Bæjarlækurinn niður. Neðsti fossinn í gilinu heitir Litlifoss og næsti þar fyrir ofan heitir Tófufoss. Við hann er Stekkur í gilinu." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hamborg, 2

**NM-173:026** *Gimbrastekkur* heimild um stekk
"út frá Sunnefuhyl er Brekka, liggur hét fyrir ofan túnið. Þar skammt frá kemur Bæjarlækurinn niður. Neðsti fossinn í gilinu heitir Litlifoss og næsti þar fyrir ofan heitir Tófufoss. Við hann er Stekkur í gilinu. Og þar ofar er Djúpibotn. Utan við gilið er þar djúpadæld og Neðri-Kálfadalur, eftir honum kemur Bæjarlækurinn. Þar utar er svo Gimbrastekkur, þar eru svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hamborg, 2

**NM-173:027** heimild um mógrafir
"út frá Sunnefuhyl er Brekka, liggur hét fyrir ofan túnið. Þar skammt frá kemur Bæjarlækurinn niður. Neðsti fossinn í gilinu heitir Litlifoss og næsti þar fyrir ofan heitir Tófufoss. Við hann er Stekkur í gilinu. Og þar ofar er Djúpibotn. Utan við gilið er þar djúpadæld og Neðri-Kálfadalur, eftir honum kemur Bæjarlækurinn. Þar utar er svo Gimbrastekkur, þar eru svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hamborg, 2

**NM-173:028** *Ingiríður* varða
Við selið á Ingiríði er varða, segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hamborg, 3

**NM-173:029** tóft 65°03.795 N 14°57.609 V
Um 80 m austan við mastur úr Kröflulínu 2 hjá efra hjallanum á Ingiríði ofan við Hamborg er tóft. Hún er um 100 m ofar en NM-173:021. Hún liggur undir lágri klettabrún og nær norðurendi hennar að klettaveggnum. Austan og vestan hennar eru frekar djúpir lækjarskorningar, en sunnan hennar er jarðvegurinn þýfður og blautur. Tóftin er aflöng, snýr N-S og er með dyr á suðurgafli. Hún er um 10 m löng og 3,5 m breið. Að innanmáli er tófin um 8 m löng og 2 m breið. Dyrnar eru um 90 sm breiðar. Haft er rétt norðan við miðju, veggstautur sem stendur um 1 m inn í tóftina frá austurlanghlið. Veggirnir eru hlaðnir úr hellugrjóti, 3-5 umför og eru um 70 sm breiðir, en 20-30 sm háir, en talsvert sokknir. Er hleðslan tvöföld og jarðvegur á milli.
Innan tóftar sást gjóskulag frá Öskjugosi 1875. Ef þak hefur verið ofan á þessu mannvirki er ljóst að það er eldra en 1875. Gætu þetta verið leifar beitarhúss eða stekkjar.

**NM-661** Minjar sem ná yfir fleiri ein eina jörð:

**NM-661:001** heimild um leið
"Á einokunartíma, meðan landinu var skipt í verslunarumdæmi, var Fljótsdælingum gert að versla í Djúpavogsumdæmi. Kaupstaðaleiðin lá upp úr dalnum ýmist um Þingmannakleif, sem er sneiðingur efst í fjalli ofan við Víðivallagerði ... Síðan lá leiðin suðaustur yfir hornbrynjuslakka, þ.e. norðan við Hornbrynju, þvert austur yfir Geitadalsafrétt og Búðatungur inn af Skriðdal, meðfram Ódáðavötnum og yfir þau á rifi, sem talið er að hafi verið hlaðið í mjödd á vötnunum. Þaðan var farið á Axarveg, niður í Berufjörð og sem leið liggur út á Djúpavog." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 9

**NM-661:002** heimild um leið
"Á einokunartíma, meðan landinu var skipt í verslunarumdæmi, var Fljótsdælingum gert að vesla í Djúpavogsumdæmi. Kaupstaðaleiðin lá upp úr dalnum ýmist um Þingmannakleif, sem er sneiðingur efst í fjalli ofan við Víðivallagerði, eða upp af Sturluflöt. Síðan lá leiðin suðaustur yfir hornbrynjuslakka, þ.e. norðan við Hornbrynju, þvert austur yfir Geitadalsafrétt og Búðatungur inn af Skriðdal, meðfram Ódáðavötnum og yfir þau á rifi, sem talið er að hafi verið hlaðið í mjödd á vötnunum. Þaðn var farið á Axarveg, niður í Berufjörð og sem leið liggur út á Djúpavog." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 9

**NM-661:003** heimild um leið
"Kaupstaðaleiðir á Djúpavog lágu víðar um öræfin en hér hefur verið lýst, t.d. suður á milli Brattaháls og Líkárvatns og út á Fossárdal." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 10

**NM-661:004** heimild um leið
"Eftir að verslun fluttist á Reyðarfjörð lá aðalverslunarleið Fljótsdælinga þangað út hjá Hallormsstað og þaðan yfir Hraungarð, ofan í Skriðdal rétt framan við Geirólfsstaði og síðan um Þórsdalsheiði." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 10

**NM-661:005** heimild um leið
"Sláturfé var þó rekið yfir Hraungarð upp frá Buðlungavöllum og niður milli Flögu og Mýra í Skriðdal." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 10

**NM-661:006** heimild um leið
"Af Norðurbyggð, a.m.k. utan til, lá kaupstaðarleið út Fell. Þegar mikið var í ánum fóru allir Norðurbyggjar þá leið." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 10

**NM-661:007** *Hallfreðargata* heimild um leið
Hrafnkell reið oft yfir Fljótsdalsheiði og fór ekki Bessagötur sem flestir fóru heldur ofar yfir heiðina, ofan við Eyvindarfjöllin, og kallaðist þar Hallfreðargata. Nafnið hefur ekki varðveist.

**Heimildir:** IF XI, 99

**NM-662** (Óstaðsetjanlegar fornleifar)

**NM-662:001** *Lagarfljótsormurinn* þjóðsaga
Sjá SM-622:001

**NM-662:002** þjóðsaga
Skepna sást fyrir utan Arnheiðarstaði fara upp eftir fljótinu jafn stór og sexæringur. Sama sá fólkið í Hrafngerði. Þriðji aðilinn sá skrýmsli skammt undan land líktist sel og skötu. Á árunum 1749-50

**SM-050 Hallormsstaður**
Kirkjustaður, 14 hdr. 1695. 1179: Þar er kirkjustaður sem Þorlákr bp nær ekki undir sig; Þorlákssaga yngri. Bsk I, 282. Staður. Skjögrastaðir hjáleiga 1847, en 1760 og 1804 voru Titlingssel og Ormsstaðir hjáleigur að auki.c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4 Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 144. Kirkjustaður. Hallormsstaður og hjáleigur áttu afrétt á Gilsárdal og Buðungavallaheiði, nú afrétt hreppsins. "Kirkjujarðir voru. Mýrar og Geirólfsstaðir í Skriðdal, Áreyjar í reyðarfirði og hálfir Hrollaugsstaðir í Hjaltastaðaþinghá, og helstu ítök; Pétursandur, hálfur Hrollaugsstaðasandur, báðir við Héraðsflóa, og hólminn í Skriðuvatni. Tekjur eru taldar "fyrir skógar' og afréttarlán". Rekaítökin lentu undir Vallanes, vafalaust er brauuðin voru sameinuð. ... H á ásamt hjáleigunum land utan frá Hafursá og inn að og upp með Gilsá, Gilsárdalsafrétt og Hraungarð að vatnaskilum allt suður á Hornbrynju, þar sem landið gengir í odd milli Skriðdals- og Fljótsdalsafrétta. Heimalandið liggur í mjúkum boga með eystri strönd og innsta hluta lagarfljóts utan frá Hafursánni við skógarmörkin og inn undir Gilsá. Landið horfir mót norðvestri, og því hallar öllu af Hallormsstaðahálsi niður að fljóti. Segja má, að neðan fjalls sé það mishæðótt hlíð. Á skiptast hjallar og hólar, og aflíðandi spildur frá fjalli að fljóti. Víða ganga höfðar og háar klettabríkur fram í fljót, en á milli víkur og vik, með fjöru úr ljósri líparítmöl kringum Ormsstaði. ... Mýrlendi var allmikið, en nú þurrkað að mestu af birkiskógi og framræslu. SJM II, 126, 133.
1918: tún 6,6 ha, garðar 760 m2. "[F 1918]Þriðjungur túns sléttaður, ræktunarskylirði góð. Engjar grasgefnar, greiðfærar, þurrar, nærtækar, samfelldar. beitiland kjarngott og snjólétt, fjárgeymsla
erfið, fé fjallsækið." SJM II, 134.

**SM-050:001** *Hallormsstaður* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918

**SM-050:002** heimild um kirkju
"Kirkja var á Hallormsstað frá miðöldum, en lögð niður 1895 og kirkjan rifin 1910. Kirkjustæðið og kirkjugarðurinn eru rétt utan við Hallormsstaðabæinn. Í kirkjugarðinum fannst árið 1908 hluti úr keri, sem talið er vígsluvatnsker úr kaþólskum sið, og var það sent Forngripasafninu." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,2; SJM ll, 132-134; Árb. 1910, 76

**SM-050:003** gripir
1867: "Krínglóttur SKJÖLDUR úr kopar með upphafinni bólu í miðju, og allt í kríng höfðaleturs stafróf (a-p). Hún er 1 1/4 þuml. þvert yfir. Neðan á skjöldinn hefir verið negld þykk eirplata með fjórum koparnöglum, og er líkt og eyra eða fótur í aðra röndina á plötunni, sem lítur út fyrir að nál eða þorn hafi verið fest í; en í hina röndina er ferhyrnt gat, eins og eptir krókinn, sem þorn-oddurinn hefir verið ettur undir, eins og á brjóstnál ... Hún fannst í skriðu, nálægt Hallormstað."
**Heimildir:** Skýrsla FÍ II, 42

**SM-050:003** heimild um leið
"[Í landamerkjalýsingu segir: ] Að utan ræður Hafursá inn og upp að reiðgötum, sem ráða mörkum austur á Skarðshrygg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,2

**SM-050:004** heimild um leið
"[Skv. landamerkjabók S.Múl. átti Brekka í Fljótsdal ítök í landi Hallormsstaðar:] Skóg út frá Klifá að Ljósa, upp að reiðgötum" (nú þjóðvegi)." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,3

**SM-050:005** heimild um hesthús
"Hafursá skiptir löndum milli samnefnds bæjar og Hallormsstaðar. Næsti lækur er Borgargerðislækur, þá

Hesthúslækur, sem rennur um túnið á Ormsstöðum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,4

**SM-050:006** *Sellækur* örnefni sel
"...næsti lækur [fyrir innan Jökullæk] er Sellækur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,4

**SM-050:007** heimild um myllu
"Myllusund mun hafa heitið mýrarsund fyrir neðan það sem nú er Hjalli. Ég man eftir kvörnum þar úr gamalli myllu, segir í leiðréttingum og viðbótum Þórhalls Guttormssonar við örnefnaskrá Hallormsstaða." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

**SM-050:008** *Borgargerði* bæjarstæði býli
"Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður." "Þar bjó húsmaður fáein ár á þessari öld. Nú eru þar beitarhús og girt tún. Fyrir engjaleysi er óbúandi á öllum þessum kotum, eða beitarhúsum, einkum síðan skógurinn féll." segir í örnefnalýsingum.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,5; Ö-Hallormsstaður.c.1; Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 110

**SM-050:009** *Borgargerði* bæjarstæði býli
"Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,5; Ö-Hallormsstaður.c.1

**SM-050:010** *Kolakinn* örnefni kolagröf
"Inn og upp af Mylluhvammi heitir Kolakinn, ofan við Borgargerðissund." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,5

**SM-050:011** *Ormsstaðir* bæjarstæði býli
"Neðst við Lagarfljót er eyðibýlið Ormsstaðir, rétt utan við Hesthúslæk, sem rennur þar í túninu. Þetta býli fór í eyði fór í eyði 1937 [...]. Bærinn stóð rétt við þjóðveginn, sem nú er, sunnan í hól, sem kallaður er Ormsstaðahóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,5; SJM II, 140-141

**SM-050:012** *Hesthúsagrund* örnefni hesthús
"Í túni á Ormsstöðum hét Reiðbali og ofarlega í túni Hesthúsgrund." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,6

**SM-050:013** *Borgargerðisrétt* heimild um rétt
"Inn af Borgargerði er Borgargerðisás, þar nálægt var Borgargerðisrétt." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,6

**SM-050:014** heimild um stekk
"Framan og ofan við Borgargerðisás er hár klettur, sem Guttormur Pálsson nefnir Stekkjarklett, nú er þessi klettur nefndur Fálkaklettur [...]. Stekkurinn á Ormsstöðum var neðan við klettinn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,6

**SM-050:015** heimild um áveitu
"Nokkurn spöl neðan við Fálkaklett var mýrarsvæði, sem var Ormsstaðalón, í daglegu tali kallað Lón. Áður var þar áveituengi en nú er það framræst og skógi vaxið." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,6

**SM-050:016** tóftir sel
"Ofan við [Lýsihól] er Lýsihólsmýri. Þar upp af heitir Selhjalli. Á þeim hjalla eru óglöggar rústir, sem eru taldar fornar selrústir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,6

**SM-050:017** *Ormsleiði* þjóðsaga legstaður

"Ofan við Hesthúslæk hét Austurtún. Þar upp af er hæð í skóginum, sem kölluð er Ormsleiði." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,7

**SM-050:018** heimild um leið
"Næst Fljóti, innan við Ormsstaðavík innri, er klettur, sem heitir Ormsstaðaklettur (venjulega nefnt Klif). [...]. Innan við Klifið tekur við svæði, sem heitir Gatnaskógur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,7

**SM-050:019** þjóðsaga
"Neðan við Gatnaskóg er vík við Fljótið sem heitir Þrælavík. Þar drukknaði Droplaug (Þórlaug), fyrri kona Helga Ásbjarnarsonar (Sbr. Droplaugarsonasögu og Fljótsdælu)." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,7

**SM-050:020** *Vínlækir* heimild um vatnsból
"Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,7

**SM-050:021** heimild um áfangastað
"Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,8

**SM-050:022** *Skriðdalsvegur* heimild um leið
"Gamlar götur liggja yfir Hólana frá túni á Hallormsstað, götur þessar lágu út og upp (A) yfir Hálsabrekkur og Hallormsstaðaháls til Skriðdals og eru nefndar Skriðdalsvegur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,8

**SM-050:023** *Bjargsel* bæjarstæði býli
"Utarlega við Bjarselsbotna eru rústir af eyðibýli, sem hét Bjargsel. Samkvæmt eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar var það í ábúð fáein ár á 19.öld." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,9

**SM-050:024** heimild um stekk
"Þar sem Húsmæðraskólinn var stekkur." "Meðfram Staðaránni er Stekkurinn. Þar stendur Húsmæðraskólinn." segir í örnefnalýsingum.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,9; Ö-Hallormsstaður.c, 1

**SM-050:025** *Svarðarbotnar* örnefni mógrafir
"[Tún ofan við þjóðveg er kallað Skólatún]. Þar upp af heita Svarðarbotnar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,9

**SM-050:026** *Akurgerði* örnefni akur
"Yzt í túni heitir Akurgerði. Þar er nú bústaður skógarvarðar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,9

**SM-050:027** *Nátthagi* tóft kvíar
"Rétt fyrir ofan Fjósakamb og innan við túnið heitir Nátthagi, gamlar kvíarústir." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

**SM-050:028** *Fjóshóll* örnefni fjós
"Innan við bæ er Fjóshóll. Þar er klettarani sem heitir Fjósakambur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,10

**SM-050:029** *Kvíabali* örnefni kvíar
"Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,10

**SM-050:030** *Barnahellir* heimild um leikvöll
"Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,10

**SM-050:031** *Ferjutangi* örnefni ferja
"Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna. Þar fyrir innan er Ferjutangi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,10

**SM-050:032** *Vegakelda* örnefni leið
"Innan við túnið á Hallormsstað er keldudrag sem heitir Vegakelda." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,10

**SM-050:033** heimild um rétt
"Spölkorn innan við Barnaskólann er klettur við fjallsrætur, sem heitir Sölvaklettur. Fjárrétt var við klettinn og er hann nú stundum nefndur Réttarklettur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,11

**SM-050:034** *Kolagrjót* örnefni kolagröf
"Út og upp af Sölvakletti er lægð, sem heitir Kolagjót, en beint upp af fyrrnefndum kletti heitir Kiðuklauf." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,11

**SM-050:035** *Hallormshaugur* þjóðsaga legstaður
"Niður af Langamel er hæð sem heitir Hallormshaugur (þar var Hallormur heygður)." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,12

**SM-050:036** *Remba* heimild um leið
"Ofarlega í Hádegisfjalli eru Háubalar. Remba heitir gömul gönguleið upp Hádegisfjall, innan Staðarár. Leið, er farið var austur (S.A.) í Mýrar, bæ í Skriðdal." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,12

**SM-050:037** *Selvegur*heimild um leið
"Ofan við Jónsskóg liggur gamall stígur gegnum skóginn, kallaður Selvegur. Hann liggur frá þjóðvegi ofan við Mörkina að gömlum beitarhúsum innan við skóg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,13

**SM-050:038** *Atlavíkurstekkur* heimild um stekk
Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,13

**SM-050:039** tóftir
IF: "Maðr hét Þórir. Hann var sonr Atla, er bjó í Atlavík fyrir austan vatn. Þar eru nú Sauðhús." Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk og aðrar fornar á sama stað, þar heitir Atlavíkurstekkur. Þarna er sagt að bær Graut-Atla hafi staðið, og dregur víkin nafn af honum." segir í örnefnalýsingu. Leifar fornbýlisins með túngarði voru friðlýstar árið 1930. 1996 rannsakaði Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur rústina, og kom þá í ljós að þarna hefur ekki verið mannabústaður, heldur líklega gripahús. Þarna eru því ekki rústir fornbæjar, eins og talið var. Rústin er hins vegar mjög gömul, trúlega frá upphafi byggðar á Íslandi.
**Heimildir:** IF XI, 5; Ö-Hallormsstaður.a.,13; SV: Árb. 1893, 43; Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 5-6 ÞSS 1986 VI, 68

**SM-050:040** *Vörðumell* örnefni
"Ofan við þjóðveg er Vörðumell. Þar upp af er hæð sem heitir Vörðuhraun, en það er líka samheiti á svæðinu milli fyrrnefndra lækja [Jökullækjar og Atlavíkurlækjar] ofan við veg, upp að Skógarjaðri." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,14

**SM-050:041** *Tittlingssel* bæjarstæði býli/sel
"Inn og upp af Ljósárkinn er dæld, sem kölluð er Selbotn. Þar fyrir innan voru beitarhús frá Hallormsstað, sem heita Tittlingssel (aflögð fyrir löngu). Þar var áður býli sem fór í eyði 1756. Utan við selið er Selklettur." segir í örnefnalýsingu. SG: "Tittlingssel inn frá Hallormsstað. Þar var búið á miðri 18. öld og nokkuð seinna meðan skógar stóðu - síðan eigi, því að þar er enginn heyskapur. Nú eru þar beitarhús frá Hallormsstað og girt tún að nafninu. ...Fyrir engjaleysi er óbúandi á öllum þessum kotum eða beitarhúsum, einkum síðan skógurinn féll."
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,14; Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 109-110

**SM-050:042** *Geitagerði* heimild um beitarhús
"Ofan við þjóðveg [milli Ljósár og Klifár] er Geitagerðisás eða Geitás. Neðan í ásnum voru rústir af beitarhúsum, sem voru kallaðar Geitagerði. Þar er nú afbýlið Sólheimar, reist 1945. Rústirnar voru friðlýstar árið 1930 sem rústir fornbýlis, en rutt niður þegar Sólheimar byggðust." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,14; SV: Árb. 1893, 35;

**SM-050:043** *Miðsel* heimild um sel
"Fyrir ofan Miðsjónarhraun eru rústir af seli (gömul selstöð frá Hallormsstað). Þar heitir Miðsel." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.,15; SJM II, 133

**SM-050:044** heimild um smalakofa
"Á landamörkum Hallormsstaðar og Geirólfsstaða er Prestaflói (þrætustykki). Þar norður (N.V.) af eru Húsabæjarhlíðar. Þar var setið yfir kvíaám og einnig eru þar rústir af smalakofum, mun nafnið vera dregið af þeim." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.20

**SM-050:045** *Þrívörður* örnefni
"Austur af Dagmálafjalli eru Jökulhæðir. Þar fyrir austan Þrívörður og Þrívörðuflói." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.20

**SM-050:046** þjóðsaga
"Norðan (N.V.) við Heiðarenda er Kerlingarhnaus. Þar eru upptök Kerlingarár, neðar nær brúnum eru Kerlingabotnar efri og neðri. Við þá eru tengdar gamlar sagnir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.21

**SM-050:047** heimild um leið
"Fyrir ofan Hólatjörn var (er) blettur í skóginn, nefndur Snarrótarbotn. Rétt utan við hann lágu reiðgötur frá Ormsstöðum, upp innri barm Gvendargjótar, og upp á Skriðdalsveg." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

**SM-050:048** *Hólagata* heimild um leið
"Gata lá (að mestu týnd í skógi nú) frá Skriðdalsvegi, rétt fyrir ofan Húsmæðraskólann, gegnum Hólana og ofan í Ormsstaði. Heitir hún Hólagata." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

**SM-050:049** þjóðsaga legstaður
ÞSS: Atli sem leyndist í Atlavík á að vera heygður þar.
**Heimildir:** ÞSS 1986 VI, 68

**SM-050:050** þjóðsaga legstaður
ÞSS: "Glögg merki sér til rústa í Atlavík og heita Atlatættur. Þar segja menn og að sjáist haugur Einars Þórissonar allnærri."
**Heimildir:** ÞSS 1986 VI, 68

**SM-050:051** heimild um kálgarð
1777: "Vel var látið af garðinum á Hallormsstað ..."
**Heimildir:** ÓO II, 136

**SM-051 Skjögrastaðir**
Bulungavalla getið í Þorsteins þætti Hvíta og Hrafnkelssögu Freysgoða. IF XI, 12, 126. 1397: Bulungavalla

gerið í máldaga Bessastaða. DI IV, 212. Hjáleiga Hallormsstaðar. Klifá skipti löndum milli Buðlungavalla og Hallormsstaðarm en Gilsá skiptir löndum milli Buðlungavalla og Hrafnkelsstaða. "S voru hjáleiga Hallormsstaðar og taldir svo í J '47, F'61 og F'18. Fyrr á öldum var þar Skagasel. Skjögulstaðanafnið er komið á í jarðabókinni 1760. Býlið er á Gilsárdal utan til austan við Gilsárgljúfur í um 220 m hæð yfir sjó. ... Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á beitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur í Austfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ... Þar var búið ofan fyrr á öldum, og síðast fáein á 19. öld." SJM II, 131.
"ÍF'18 segir um jörðina , að tún sé að 2/3 hlutum slétt, en hitt greiðfært þýfi og örðugt um úrtgræðslu, engjar mýrarflóar og laufslægjublettir víðs vegar um landið, reytingssamar mjög og
langsóttar, beitilandið hagsælt og víðlent, en fjárgeymsla erfið, upprekstrarland mikið og gott í Gilsárafrétt ..." SJM II, 131.

**SM-051:001** *Skjögrastaðir/Buðungavellir* bæjarhóll bústaður
Bærinn á Skjögrastöðum brann 1931 og var endurbyggður á Buðlungavöllum, sem var upphaflega bæjarstæðið. segir í örnefnalýsingu. "Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á neitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur íAustfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ..." segir í Sveitum og jörðum. LH: "Í Hallormsstaðasókn eru ekki nýbýli nema ef telja ætti Skjögrastaði. Þar var sel frá Hallormsstað fyrrum,hét Skagasel. Svo komst þar á byggð á 18. öld, en lagðist niður á Buðlungavöllum. Þó var stundum búið að nafninu á báðum stöðum. Skjögrastaðir eru nær engjareitum Gilsárdals því verður þar heldur búið."
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.15; SJM II, 131, Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 110

**SM-051:002** *Skjögrastaðir/Buðungavellir* bæjarstæði bústaður
Bærinn á Skjögrastöðum brann 1931 og var endurbyggður á Buðlungavöllum, sem var upphaflega bæjarstæðið. "Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á neitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur í Austfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ..." segir í örnefnalýsingu. "Buðlungarvellir í Hallormsstaðalandi upp af suðausturhorni Lagarfljóts. Þar er nú tún og beitarhús frá Skjögrastöðum og vel girt. Hér var búið í fornöld og oft síðan tímum saman - nú seinast á þessari öld fáein ár. Síðan allir skógar féllu þar, en engjar eru alls engar til, er þar óbúandi." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.15; SJM II, 131; Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 109.

**SM-051:003** *Aðgerðartangi* örnefni
"Örnefni næst Lagarfljóti, milli Klifár og Buðlungavallár. Þar heitir yzt Hagi. Næst er Jónshraunstangi, kallaður Jónstangi á Hallormsstað. Næst fyrir innan er Aðgerðartangi og Aðgerðarhvammur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.16

**SM-051:004** *Biskupsvarða* varða
"...upp af Jónshraunstanga [er] Biskupsmell. Á honum er varða nefnd Biskupsvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.16

**SM-051:005** heimild um stekk
"Stakiklettur og Stekkjarklettur ... og Stekkjargrund, nú tún á Buðlungavöllum. Innst á Stekkjargrund, við Buðlungavallá, var stekkur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.16

**SM-051:006** *Tvívörðumelar* örnefni
"Neðan við Stekkjargrund eru Tvívörðumelar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.16

**SM-051:007** heimild um eyktamark
"Í Stórás er utarlega dæld, nefnd Litlaskarð. Þá Dagmálaskarð nokkru innar, eyktamark frá Buðlungavöllum. Ofan við Stórás er Dagmálamýri." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.16

**SM-051:008** heimild um refagildru
"[Örnefni milli Buðlungavallaár og Gilsár:] Neðst heita Gildrubotnar, rétt ofan við þjóðveg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:009** *Brúarmýri* örnefni brú

"[Örnefni milli Buðlungavallaár og Gilsár:] Neðst heita Gildrubotnar, rétt ofan við þjóðveg. Þá Brúarmýri, út við Buðlungavallaá." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:010** *Vörðuás* örnefni
"Fyrir ofan Brúarmýri er Vörðuás." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:011** *Svarðarmýri* örnefni mógrafir
"Ofan við Hala er Svarðarmýri." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:012** *Fornistekksmelar* örnefni stekkur
"Neðan við Svarðarmýri eru Fornustekksmelar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:013** *Lambhúsgrund* örnefni lambhús
"Innan við Fremstahraun er Lambhúsmelur í útjaðri túns, þar fyrir innan Lambhúsgrund." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:014** *Borg* heimild um fjárskýli
"Í túni á Skjögrastöðum var skýli (fjárborg) fyrir fé, kallað Borg." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:015** *Hesthúsmelur* örnefni hesthús
"Þá var í útjaðri túns Hesthúsmelur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.17

**SM-051:016** *Götuskarð* örnefni leið
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.18

**SM-051:017** heimild um eyktamark
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktamark frá Skjögrastöðum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.18

**SM-051:018** heimild um eyktamark
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktamark frá Skjögrastöðum. Spölkorn innar er Hádegismelur neðan við ásbrúnina." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.18

**SM-051:019** *Gamlistekkur* heimild um stekk
"Innan við Grafningsá, neðst, heita Grundir. Þar fyrir innan er Stekkalækur og Bröttumelar. Gamlistekkur (rústir) er í mó fyrir neðan melana." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.18

**SM-051:020** heimild um smalakofa
"Næst fyrir innan Lækjardal er Fosshlíð. Inn af henni er Ljóskollumelur. [...] Á melnum eru rústir af smalakofa ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.19

**SM-051:021** heimild
"Innan við Sandaxlir heita Þrengingar. Þar stendur gangnakofi Skógarmanna og hefur verið þar frá ómunatíð." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.19

**SM-051:022** *Tungusel* heimild um sel
"... út og upp af túni á Skjögrastöðum eru óglöggar rústir sem heita Tungusel. Þar var búið nokkur ár á fyrri hluta

19. aldar, samkvæmt eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.20

**SM-051:023** heimild um leið
"Fjallvegur lá frá Buðlungavöllum til Skriðdals og var nefndur Buðlungavallaheiði." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.a.21

**SM-051:024** *Skagasel* heimild um sel
"Meðfram Klifá eru Klifárbotnar, þar upp af Klifárdrög. Á þessu svæði fyrir ofan Miðsjónarhraun er Miðsel. Innsta selið hét Skagasel fyrir innan Klifá, seinna kallað Skjögrastaðir, eftir Einari Skjögra, sem þar bjó manna fyrstur. (...) Út og upp af Buðlungavöllum er Stóri-Ás. Inn og upp af Stóra-Ás er Skagasel." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.b, 4

**SM-051:025** *Hesthúsgrund* örnefni hesthús
"Hesthúsgrund er skammt frá bænum ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallormsstaður.c, 1

**SM-054 Eyrarteigur**
9 hdr. 1695, 1847. "Landamörk eru við Þórisá að norðan og Eyrarteigsá að sunnan." SJM II, 114.
1918: Tún 5,2 ha, garðar 652 m2. "..."erfitt er að græða túnið úr, jarðvegurinn grýttur", engjar nærtækar, fremur snöggar, greiðfærar, þurrlendar, grasgóðar, vatni veitt á hluta þeirra. Kjarngott beitiland f. sauðfé, en lakari stórgripahagar." SJM II, 115.

**SM-054:001** *Eyrarteigur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918, SJM II, 115

**SM-054:002** heimild um hesthús
"Fram og upp af bæ hét Hesthústún, þar stóð Hesthús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:003** vegur leið
"Efri hluti túns er kallaður Efratún og neðri hlutinn Neðratún (hestagata(vegur) aðskildi)." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:004** *Stórahús* heimild um fjárhús
"Fyrir utan Bæjarlæk er kallað Úttún; þar voru fjárhús kölluð Stórahús og Nauthús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:005** *Nauthús* heimild um útihús
"Fyrir utan Bæjarlæk er kallað Úttún; þar voru fjárhús kölluð Stórahús og Nauthús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:006** heimild um lambhús
"Nokkru utan við Hesthúsið áðurnefnt var Lambhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:007** garðlag nátthagi
"Fyrir utan bæ, í túnjaðrinum, var Nátthagi. Ofan við hann eru rústir af stekk eða kvíum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:008** tóft
"Fyrir utan bæ, í túnjaðrinum, var Nátthagi. Ofan við hann eru rústir af stekk eða kvíum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:009** *Innristekkur* tóftir beitarhús
"Fornar beitarhúsatættur ..." segir í Sveitum og jörðum. "Innri-Stekkalækur fellur framhjá Innristekk; þar voru beitarhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 115; Ö-Eyrarteigur, 1

**SM-054:010** tóft mylla
" ... myllutótt við bæjarlækinn." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 115

**SM-054:011** *Ytristekkur* heimild um stekk
"Utan við Stekkamela, áðurnefnda er Ytristekkur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 2

**SM-054:012** *Smalakofi* tóft smalakofi
"Inni á Hallsteinsdal áðurnefndum eru Ytrifoss og Innrifoss í Eyrarteigsá. Rétt fyrir utan Ytrifoss eru rústir af smalakofa, kallaður Smalakofi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Eyrarteigur, 3

**SM-054:013** kuml legstaður
SK: "Kuml fannst í landi Eyrarteigs, sem er utantil í Skriðdal að austanverðu og er staðsett um 40 metra frá bökkum Þórisár að sunnanverðu og rúma 150 metra frá þjóðvegi 1. Þórisá rennur úr Ófærudal og er landamerki Eyrarteigs og Litla-Sandfells. Brekkurnar við ána kallast Efri- og Neðri Stekkamelar. Kumlið lá austan og ofan við moldarbarð í hlíðinni og sneri eins og dalurinn. Ofan við barðið er uppþornaður lækjarfarvegur, sem trúlega hefur myndast í leysingum."
**Heimildir:** SK: "Þórisárkumlið" Glettingur IX, 25-31

**SM-055 Arnhallstaðir**
16 hdr 1397, 20 hdr. 1695, 1847. 1397 er A getið í máldaga Valþjófsstaðar. DI IV, 212. Hryggstekkur hjáleiga. HÞ: Arnaldsstaðir rétt Árbók 1923, 92. Landamörk A eru að sunnan og sa. við ána Jóku og Djúpadal, en að na og norðan yfir Tröllafjall, Brúðadalsfjall. Þetta eru hreppamörk við Reyðarfjörð, en áfram liggja mörk við Hryggstekk, na. Eggjar og niður í Grímsá 400-500 m innan við Hryggstekk, við Sturlugilslæk." SJM II, 111-112. 1918: Tún 4,3 ha, garðar 574 m2. "Fjallbrekkur eru grónar birkikjarri sem hefur vaxið og breiðst út síðasta mannsaldur. Þar vex gráviður, fjalldrapi, beitilyng, sauðalimur og venjulegar tegundir lyngs og grasa. ...Engjarnar þóttu í betra lagi og sumar slægar árlega, gamla túnið fremur harðlent, beitiland vítt og kjarngott." SJM II, 112.

**SM-055:001** *Arnhallstaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918; SJM II, 112

**SM-055:002** heimild um smiðju
"Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:003** mannabein
"Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:004** bæjarstæði bústaður
"Niður frá bæ er hóll, sem heitir Krosshóll, þar var smiðja. Eitt sinn var grafið í hólinn og kom þar upp hauskúpa af manni. Síðan hefur ekki verið hróflað við hólnum, og sjást þar nú óglöggar rústir. Neðan við hann heitir Hjáleigutún. Yzt á túninu var kofi einsetukonu, nafnlaus." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:005** *Efstahús* heimild um fjárhús
"Efst á túninu er Hrafnshóll; þar stóð fjárhús, kallað Efstahús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:006** *Neðstahús* heimild um útihús
"Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:007** *Samstæðuhús* heimild um útihús
"Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús. Þar upp af voru Samstæðuhús." segir í

örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:008** heimild um lambhús
"Út af nýju fjárhúsunum á Arnhólsstöðum var Neðstahús. Þar upp af voru Samstæðuhús. Þar nálægt var Lambhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:009** *Holthús* heimild um útihús
"Nýtt tún fyrir framan Bæjarlæk er kallað Holt, þar stóð Holtshús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:010** *Kvíabali* örnefni kvíar
"Nýtt tún fyrir framan Bæjarlæk er kallað Holt, þar stóð Holtshús. Þar neðan við er Kvíabali." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:011** *Sturlusel* bæjarstæði býli/sel
"Inni í Þórudal fyrir innan Brúðardalsá eru tættur, er Sturlusel heita. Á A bjó á fyrri hluta 16. aldar Sturla Jónsson (Maura-Sturla). Hann var kærður fyrir naugar matgjarfir, helgidagabrot, vanrækt kirkjusóknar og okur. Sturla á að hafa búið á áðurnefndu seli einn í elli, er hann gerðist svo geðvondur, að hann gat ekki lynt við eftirkomendur síðan á A. Greinileg tótt er þar í grasfláka, sem heitir Sturli." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 111; Ö-Arnhólsstaðir, 5

**SM-055:012** *Þórutótt* bæjarstæði bústaður
"Þórutótt svonefnd er í Þórudal, og á þar að hafa búið einsetukona Þóra að nafni. Tóttin er líkari því að vera smalakofa- eða heytótt, segir Hróflur Kristbjörnsson og hafnar þeirri tilbátu, að dalurinn sé kenndur við Þóru þessa." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 111

**SM-055:013** *Bakki* tóftir 65°01'55.7" N 14°34'14.7" V
Í mynni Þórudals, skammt frá þar sem Bakkatóftalækur rennur í Jóku, eru Bakkatóftir. Þær standa á grösugum smáhól eða barði, sem virðist að mestu manngert. Vegur inn Þórudal liggur fast sunnan við staðinn. Bakkatóftarlækur rennur í gili um 50 m austan (og sunnan) við tóftina. Tóftirnar eru ekki mjög skýrar, en virðast vera um 17 m á lengd (A-V) og um 9 m þar sem hóllinn er breiðastur. Þær skiptast í u.þ.b. 6 hólf, sem raðast saman tvö og tvö. Eru tvö austustu hólfin opin í austurenda.

Þetta gæti verið leifar sels eða bæjar. Ekki tún sjáanlegt, en landið er vaxið hrísi og lyngi, mýri um kring eða berir melhólar, flatir.

Sunnan (neðan) við veginn er önnur tóft. Hún liggur í grösugri kvos eða dæld sem nær út á gilbrún. Hún er er aflöng, snýr A-V, með op í austurenda, þ.e. beint út á gilbarminn. Rofabarð er í austurenda. Þar sést Askja 1875 og "a" lagið 1477. Er allt óhreyft að sjá undir a-lagi, en hreyfður jarðvegur yfir því og undir 1875 lagi. a-lag virðist vera í torfi, og undir húsinu. Er þetta því eldra en 1875. Bakki árinnar hlýtur að hafa hrunið.
"Í þriðja lagi heita Bakkatóttir skýrar rústir upp með Jókugili. Þar eru garðhleðslur sýnilegar og hafa sést öskuhaugsleifar í Lækjarbakka. Þessum menjum fylgja munnmælasögur um afbýli, sem á að hafa heitir Bakki." segir í Sveitum og jörðum. "Við lækinn skammt frá Jóku eru fornar rústir, kallaðar Bakkatættur. Þarna vað áður býli, sem hét á Bakka og síðar beitarhús. Rústir þessar eru sagðar mjög gamlar og engar frekari heimildir um þær." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 111; Ö-Arnhólsstaðir, 3

**SM-055:014** heimild um beitarhús
"Beitarhús voru tvenn, Sel beint upp af bæ og við Bakkatóttalæk í Þórudalsmynni, og sel hefur vafalaust verið á Sturluseli áðurnefndu." segir í Sveitum og jörðum. " Ofan við Lækjarbakka kvíslast Bæjarlækurinn. Þar í tungunni, sem myndast við það, eru rústir af beitarhúsum, kallaðar Sel." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 112; Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:015** garðlag túngarður
"Túngarður, gripheldur á sinni tíð." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 112

**SM-055:016** heimild um áveitu

"Vatnsleiðsluskurður 23 m." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 112

**SM-055:017** heimild um nátthagi
"Nátthagi 4788 m2." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við Arnhólsstaðablá, móts við bæinn í Þingmúla, var Nátthagi. Þar sem Nátthaginn var, er nú tún." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 112; Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:018** heimild um rétt
"Hestarétt á hlaði." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 112

**SM-055:019** garðlag landamerki
"Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:020** varða landamerki
"Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:021** varða landamerki
"Að norðan ræður Múlaá og Grímsá út á móts við efri stíflugarðsenda, er liggur beint inn Arnarhólsstaðablá, og þaðan beina línu um garðsendann í mitt Sturlagil, ræður svo Sturlagil upp eftir, þar til það beygir í suður, er þar hlaðin varða á gilbarminum og er stefnan á aðra vörðu, er stendur fyrir ofan gilið, þaðan beina línu í slakkann framan við Litlahnjúk ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 1

**SM-055:022** heimild um rétt
"Fyrir innan Breiðanes var Réttartangi, þar var áður lögrétt. Tanginn er nú að mestu brotinn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:023** *Stekkamell* örnefni stekkur
" Upp með Bæjarlæk er melhæð, kölluð Stekkamell." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 2

**SM-055:024** *Hvalvarða* varða
"Meðfram Brúðardalsá eru Eyrar. Innan við þær liggur vegurinn austur fyrir á og upp hlíðina að austanverðu, þar heita Brúðardalskinnar. Þegar komið er upp úr brattanum, verður fyrir melhæð, sem heitir Kinnarmell. Þar er á vatnaskilum varða, sem heitir Hvalvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 4

**SM-055:025** heimild um leið
"Meðfram Brúðardalsá eru Eyrar. Innan við þær liggur vegurinn austur fyrir á og upp hlíðina að austanverðu, þar heita Brúðardalskinnar. Þegar komið er upp úr brattanum, verður fyrir melhæð, sem heitir Kinnarmell. Þar er á vatnaskilum varða, sem heitir Hvalvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Arnhólsstaðir, 4

**SM-055:026** heimild
Friðl. sem: "Forn hringmynduð girðing, um 30 metra að þvermáli, á eyrunum fyrir austan Múlaá."
**Heimildir:** ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 58; SV Árbók, 1893, 34-35

**SM-056 Hryggstekkur**
Hjáleiga Arnhallstaðir. "Jörðin er utan (norðan) við Arnhólsstaði, á land neðan frá Grímsá og sa og upp á

Hallsteinsdalsvarp (668 m). Mörk eru við Eyrarteig við Eyrarteigsá og við Arnhólsstaði." SJM II, 113.
1918: Tún 1,5 ha, garðar 518 m2. "Gamla túnið var hólótt og harðlent, mestallt slétt, engjar að meiri hluta nærtækar, grasgefnar og greiðfærar, beitiland rúmt og kjarngott, en snjóþungt að jafnaði, skóglendi ekki teljandi." SJM II, 113.

**SM-056:001** *Hryggstekkur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918

**SM-056:002** *Lambhús* heimild um lambhús
"Á túni var fjárhús, kallað Miðhús. Ofar á túninu var Lambhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:003** *Fremstahús* heimild um útihús
"Innst á túninu hét Fremstashús. Það stendur enn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:004** *Miðhús* heimild um fjárhús
"Á túni var fjárhús, kallað Miðhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-056:005** tóft stekkur
"Ofan við sléttuna eru mela- og hólaholt, sem nefnast Hryggstekkjarholt. Yzt í þeim er Stekkjargil, og eftir því fellur Stekkalækur, og neðst í gilinu er Stekkurinn. Nokkru innar er lítið lækjarskot. Þar heita Grænustekkar; þar er tóftarrúst." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hryggstekkur, 1

**SM-056:006** *Kvíabotn* örnefni kvíar
"Fyrir ofan eru tvö gil, Innra- og Ytra-Lækjargil. úr þeim falla Bæjarlækir. Neðst í Ytra-Lækjargili er Kvíabotn og litlu ofar Djúpibotn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hryggstekkur, 2

**SM-057 Hallbjarnarstaðir**
12 hdr. 1695, 16 hdr 1847. 1397: Getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 203. 1570 og síðar er H nefndi í máldaga Múlakirkju. DI XV, 685.1847 Þingmúlakirkjueign, Víðilækur hjáleiga. "Land H náði fyrr yfir allt svæðið milli Haugaár að sunnan og árinnar Jóku í Þórudal að norðan og na. neðan frá Múlaá og sa. á vörp Stafsheiðardals (700 m) og Djúpadals (681 m)." SJM II, 109.
1918: Tún 2,6 ha, garðar 832 m2. "Engjar voru víðlendar en reytingssamar og varla slægar nema annað hvert ár nema nesið við Múlaá. Gamla túniðvar sérlega heygott og óx yfirleitt vel en
upphaflega illþýfr, hólótt og brunahætt í þurrkatíð. beitiland nægilegt og gott, en snjóþungt, er svo fellur." SJM II, 110.

**SM-057:001** *Hallbjarnarstaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918; SJM II, 110

**SM-057:002** *Kvíabotn* örnefni kvíar
"Neðst í túni er laut, sem heitir Kvíabotn. ... Ofan við Kvíabotn hét Hesthústún. þar er hóll, sem er nefndur Kvíahóll, áður kallaður Jónshúshóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:003** *Neðstahús* heimild um fjárhús
"Neðst í túni er laut, sem heitir Kvíabotn. Þar inn af er hæð, kölluð Neðstahúshryggur; þar stóð fjárhús, kallað Neðstahús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:004** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Ofan við Kvíabotn hét Hesthústún. þar er hóll, sem er nefndur Kvíahóll, áður kallaður Jónshúshóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:005** *Miðhúshóll* heimild um fjárhús

"Út af hrinusléttu er Miðhúshóll; þar stóð fjárhús, kallað Miðhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:006** heimild um lambhús
"Inn og upp af bæ er Litlihóll og þar fyrir ofan Háihól. Á Háahól stóð Lambhús. Ofan við Hólinn er Lambhúsdæld." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6-7

**SM-057:007** *Stórusteinar* þjóðsaga huldufólksbúst aður
"Innan við bæ eru staksteinar, kallaðir Stórusteinar. Þar bjó huldufólk, og þar máttu börn ekki verið með ólæti." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:008** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Fyrir utan læk, ofan við bæ, er Hesthúshóll og Hesthúsdæld. Þarna var áður nefnt Stöðulbarð og Stöðulbotn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:009** heimild um kvíar
"Utan við læk í túnjaðri hét Kvíabali. þar voru kvíar áður og áningarstaður ferðamanna, sem fóru Þórðudalsheiði til Reyðarfjarðar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 7

**SM-057:010** tóftir beitarhús
"Út af bæ eru seltættur og voru þar beitarhús til 1928. Rústir benda til afbýlis, en engar sagnir eru um mannabyggð, túnblettur innan garðs í kring." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 110

**SM-057:011** heimild um áveitu
"Ofan við Laufeyjarkíl er Árnatangi. Innan við Laufeyri er Stóralón. Það var áveituengi, veitt á það úr Garðalæk." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:012** *Stekkeyri* örnefni stekkur
"Inn af Veitu [ofan við Stóralón 011] er þýft stykki, kallað þýfi. Þar inn af er sléttur blettur, kallaður Grund. Innan við Grundina er Garðalækur og fellur í Stekkeyrarkíl. Innan við kílinn er Stekkeyri." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:013** *Sigurðarstekkur* tóft stekkur
"Innan við Taglið er Taglmýri [þar var áður skóglendi], þar óx ljósalykkja (starartegund). Ofan við Taglið, yzt eru rústir af stek, sem heitir Sigurðarstekkur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:014** mannabein legstaður
"Innan við Taglið [þar var áður skóglendi] er Taglmýri, þar óx ljósalykkja (starartegund). Ofan við Taglið, yzt eru rústir af stek, sem heitir Sigurðarstekkur. Framan við hann eru dældir, sem heita Sigurðarstekksdöp. Þar fyrir ofan er mýrarsvæði, nefnt Stóramýri, nú framræst tún. út í mýrina að ofan, gengur melhæð, sem er nú kölluð Mannabeinaholt. Þar fannst uppblásin dys um 1920." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

**SM-057:015** þjóðsaga draugur
"Niður úr Stórumýri er mýrarsund, kallað Selsund, úr því rennur smálækur kallaður Prestgilslækur. Hann rennur í djúpum farvegi á stykki, semheitir Prestgil. Þar þótti reimt áður, og átti framliðinn prestur frá Þingmúla að valda þeim reimleika." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:016** *Hallbjarnarstaðasel* tóft beitarhús
"Innan við Stórumýri eru mýrar, sem eru kallaðar Selmýrar, nú tún. Neðan við Selmýrar er hár melur, sem heitir Einbúi. Utan og ofan við Selmýrar eru rústir af beitarhúsum, sem voru kölluð Hallbjarnarstaðasel." segir í

örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:017** *Réttarbali* örnefni rétt
"Innan við Ormalæk, rétt ofan við þjóðveg, er Pálmamýri. Inn og upp af henni er Réttarbali." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:018** *Hesthúsmelur* örnefni hesthús
"Utan og ofan við gamla túnið er Hesthúsmelur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 3

**SM-057:019** heimild um nátthagi
"Rétt ofan við þjóðveg, þar upp af, er Háamýri. Innan við hana er Hörðumell eða Háimell; innan við hann er Langasun. Þar fyrir innan er smálækur, kallaður Nátthagalækur. ... Upp með Natthagalæk voru Nátthagar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:020** *Kofamelur* örnefni
"Utan við Garðalæk, skammt frá heimatúni er Kofamelur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:021** *Dagmálavaða* varða eyktamark
"Þar sem Hálsinn endar við Jóku, heitir Hálsendi. Skammt neðan við Hálsenda eru klettastapar, sem heita Neðrikambur og Efrikambur, milli þeirra eru Kambabotnar. Hjalli neðan í Hálsbrún heitir Langahlíð. Innst á Lönguhlíð er gjá kölluð Bolabás. Á Hálsinum er Dagmálavarða, eyktarmark frá Hallbjarnarstöðum." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

**SM-057:022** *Bjarnastekkur* heimild um stekk
"Inn og upp af Stórafossi, milli Bæjarlækjar og Garðalækjar, er laut, sem heitir Bjarnastekksbotn. Þar voru stekkjartættur, sem kallaðar voru Bjarnastekkur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 5

**SM-057:023** *Goðaborg* þjóðsaga
"Yst á Hallbjarnarstaðatindi er klettur líkur húsi í lögun, hann heitir Goðaborg. Sagt er að Hallbjörn landnámsmaður hafi gengið þangað berfættur á hverjum morgni og tilbeðið goð sín. Goðaborg er í hádegisstað frá Hallbjarnarstöðum." segir í örnefnalýsingu. SS"Svo segja gömul munnmæli að Hallbjörn sem fyrst nam og byggði Hallbjarnarstaði í Skriðdal hafi byggt hof eða goðahús uppi á fjalli því er þar er upp frá bænum og heitir Hallbjarnarstaðartindur. Gekk hann þangað hvern morgun að tilbiðja goðin."
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 5; ÞSS VI, 14-15

**SM-057:024** heimild um beitarhús
"Innan við hólinn [Víðishól] er skriða, sem heitir Hrossamýra- eða Hrossabotnshlaup. Innan við hlaupið (skriðuna) eru Hrossamýrar. Yzt á þeim heitir Feitibakki við ána. Þarna voru einu sinni byggð beitarhús, en voru fljótlega aflögð vegna reimleika." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Hallbjarnarstaðir, 6

**SM-057:025** tóft
Á Gjáarbölum sem eru vestan Jóku í Þórudal, á móts við Smjörpollahæð undir Brúðardalsfjalli, er tóft. Hún er nánast hringlaga, með op í austur og veggi hlaðna úr grjóti. Er þetta líklega fjárbyrgi. Mikil skriða er beint upp af tóftinni. Um 40-50 m neðan við hana (austan við) er vegaslóði sem liggur inn dalinn, sunnan (vestan) ár.

**SM-067 Mýrar**
9 hdr. 1695, 1847. 1397: Getið í máldaga Hallormsstaðakirkju. DI IV, 208. Hallormsstaðakirkjueign. "Landið liggur austan í Hallormsstaðahálsi, sem raunar kallast Mýrarháls í Skriðdal, nær neðan frá Grímsá og upp á miðjan háls. Mörkin við Geirólfsstaði (nú Lynghól) eru um 1,4 km utan við bæ og við Flögu svipaða vegalengd innan við bæ." SJM II, 85.
1918: Tún 5,4 ha, garðar 2234 m2, hálfræktað 0,66 ha. "Besta engi jarðarinnar var Mýrarengi meðfram Grímsá

en áin braut upp á árunum 1900-1907 um 70 hesta spildu ... Aðrar engjar voru enni undir melum og í höllum, víða sléttar, en blautar í vætutíð. ... Jörðin þótti vel fallin til búskapar, land grasgefið, beit kjarngóð, og þrátt fyrir almenn snjóþyngsli í Skriðdal slík beitarsæld, að Litla-Sandfell átti beitarítak ... Gamla túnið var svo stórþýft, að börnum órri þar kjörinn staður fyrir felingaleik milli þúfna. Í því voru nokkrir greiðfærir hólar, og á þeim stóðu griðahús fyrir rúm 300 fjár. Jarðbætur engar utan ein beðslétta lítil og sáðgarður í varpa. Önnur ræktunarhandverk frá eldri tíð voru áveitugarðar á Mýrareyri, nú orðnir ánni að bráð. Strax og Stefán Þórðarson hóf búskap á M í annað sinn, 1907 tók hann að slétta túnið af kappi og setti sér það mark að ljúka dagsláttu á ári. Þessi áætlun stóðst, og laust fyrir 1920 var allt aðaltúnið orðið slétt og hafði auk þess verið stækkað til muna." SJM II, 86-87.

**SM-067:001** *Mýrar* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918; SJM II, 86

**SM-067:002** heimild um útihús
"Gamla túnið var svo stórþýft, að börnum þótti þar kjörinn staður fyrir felungaleik milli þúfna. Í því voru nokkrir greiðfærir hólar, og á þeim stóðu gripahús fyrir rúm 300 fjár." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 87

**SM-067:003** garðlag kálgarður
"Gamla túnið var svo stórþýft, að börnum þótti þar kjörinn staður fyrir felungaleik milli þúfna. Í því voru nokkrir greiðfærir hólar, og á þeim stóðu griðahús fyrir rúm 300 fjár. Jarðbætur engar utan ein beðslétta lítil og sáðgarður í varpa." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 87

**SM-067:004** garðlag áveita
"Gamla túnið var svo stórþýft, að börnum þótti þar kjörinn staður fyrir felungaleik milli þúfna. Í því voru nokkrir greiðfærir hólar, og á þeim stóðu griðahús fyrir rúm 300 fjár. Jarðbætur engar utan ein beðslétta lítil og sáðgarður í varpa. Önnur ræktunarhandverk frá eldri tíð voru áveitugarðar á Mýrareyri, nú orðnir ánni að bráð." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 87

**SM-067:005** *Fjósatunga* örnefni fjós
"Framan við bæ heitir Fjósatunga." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1

**SM-067:006** *Efstahús* heimild um fjárhús
"Ofan við Fjósatungu heitir Fit. Ofan við Fitina er Efstahúshóll; þar stóð fjárhús, kallað Efstahús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1-2

**SM-067:007** *Samföstuhús* heimild um fjárhús
"Út og niður af Efstahúshól eru Samföstuhúshólar, þar stóðu sambyggð fjárhús, kölluð Samföstuhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:008** *Hólhús* heimild um fjárhús
"Þar sem íbúðarhúsið á Mýrum er nú, hét Hólhúshóll; þar stóð fjárhús, kallað Hólhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:009** *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
"Neðan við gamla bæinn, nú fjárhús, er Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:010** *Hringur* heimild
"Utan við bæ er skurður í túninu; utan við skurðinn er svæði, sem var kallað Hringur; þar mótaði fyrir hringlaga tóttarbroti. Hringurinn var áður ítak frá Hallormsstað. Nú heitir þarna hringslétta." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:011** *Yztahús* heimild um fjárhús
"Utan við Hring heitir Yztahústún, þar stóð fjárhús, sem hét Yztahús." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:013** tóft
"Neðan við Selmýri skammt inn af bænum eru kofarústir fornar að sjá. Ætlað er að bærinn hafi fyrr á öldum staðið niður við Grímsá og þarna haft í seli." segir í Sveitum og jörðum. "Fyrir ofan ver, utan við Grófarlæk, er Selmýrarhall; þar utan og ofar er Selmýri. Þar eru tóttarústir, óvenju nálægt bæ til að geta verið selrústir." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 86; Ö-Mýrar, 3

**SM-067:014** heimild um nátthagi
"Þá kemur lækur rétt utan við gamla túnið, sem gengur undir ýmsum nöfnum; uppi í Hálsi heitir hann Snjógilslækur, síðan rennur hann um Nátthaga og heitir þar Nátthagagrafningur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:015** *Torfflagasundslækur* örnefni rista
"Þá kemur lækur rétt utan við gamla túnið, sem gengur undir ýmsum nöfnum; uppi í Hálsi heitir hann Snjógilslækur, síðan rennur hann um Nátthaga og heitir þar Nátthagagrafningur. Neðan við tún er hann nefndur Fita- eða Fetalækur og niður við Grímsá Baulugilslækur. Næsti lækur þar fyrir utan er Torfflagasundslækur og yzt í landi Vegagilslækur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:016** *Grófarlækjarvað* heimild um vað
"Rétt innan við Grófarlækjarós var vað á Grímsá, kallað Grófárlækjarvað." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2

**SM-067:017** *Stórigarður* garðlag varnargarður
"Þá verða talin örnefni milli Grófarlækjar og Bæjarlækjar. Eyrin meðfram Grímsá er innst nefnd Grófarlækjareyri. Utan við hana rennur kvísl úr læknum, kölluð Grófarlækjarkvísl. Utan við kvíslina tekur við Mýrareyri. Henni er skipt þannig: Innst er Frameyri að Stóragarði (flóðgarði) ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:018** tóft stekkur
"Þá verða talin örnefni milli Grófarlækjar og Bæjarlækjar. Eyrin meðfram Grímsá er innst nefnd Grófarlækjareyri. Utan við hana rennur kvísl úr læknum, kölluð Grófarlækjarkvísl. Utan við kvíslina tekur við Mýrareyri. Henni er skipt þannig: Innst er Frameyri að Stóragarði (flóðgarði); þá er Miðeyri að Bæjarlæk. Á Miðeyri voru rústir af Stekk." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:019** *Hryggstekksvað* heimild um vað
"Utan við Bæjarlæk er Úteyri. Nokkuð utan við Grófarlækjarkvísl er Hryggstekksvað á Grímsá." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:020** heimild um myllu
"Ofan við Miðeyri eru malarhólar, kallaðir Þrímelar. Upp af þeim er Myllukelda. Þar skammt frá var kornmylla við Bæjarlæk." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:021** varða
"Á Hálsbrún innan við Bæjarlæk er lítill klettur með vörðu á. Hann heitir Bæjarlækjarhnúkur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:022** *Kofi* tóft smalakofi
"Á Hálsbrún innan við Bæjarlæk er lítill klettur með vörðu á. Hann heitir Bæjarlækjarhnúkur. Ofan við hann er Bæjarlækjarflói. Ofan við flóann er melalda, sem heitir Kofaalda. Á Kofaöldu, skammt frá Þúfu, eru rústir af smalakofa; þar heitir enn Kofi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 3

**SM-067:023** *Vörðumelur* örnefni

"Fyrir neðan tún er engiblettur, sem heitir Bunga. Utan við hana er Vörðumelur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 4

**SM-067:024** *Smávörður* varða
"Fram og upp af síðastnefndum mel er Rjúpnahæð; Á Hálsbrún þar fyrir ofan heita Smávörður (margar vörður á litlu svæði). Þar fyrir ofan er Kofaalda [022]." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 4

**SM-067:025** *Merkivarða* varða lambhús
"Nokkuð ofan við Höllin á landamörkum eru Merkisteinsbotnar. Ofan við Botnana er Merkisteinn eða Merkivarða á Hálsbrún." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 5

**SM-068 Geirólfstaðir**
8 hdr. 1695, 9 hdr 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu, hét þá Geirólfseyri. IF XI, 149.-150 1397: Getið í máldaga Hallormsstaðakirkju. DI IV, 208. 1570 og síðar er G nefndi í máldaga Hallormsstaðakirkjumáldaga. DI XV, 682.Hallormsstaðakirkjueign. HÞ: Geirólfsstaðir (Geirólfseyri ) sama jörð og Geyrólfseyri í Droplaugasonasögu. Árbók 1923, 92. "G eru í vestanverðum Skriðdal, og nær landareigin frá Grímsá upp á Hallormsstaðaháls innan við Sandhóla. Mörk við Vað eru um 1,5 km utan við bæ, þar sem vegurinn liggur, en mörk við Mýrar 1200-1300 m innan við bæ, skammt innan við nýbýlið Lynghól, sem stofnað var í landi G 1958, Einbúi og Merkivarða á Mýrarmörkum." SJM II, 83-84.
1918: Tún 3,7 ha, garðar 1148 m2. "Ræktanlegt land er mikið mýrarlendi og móar. Einnig er allvíðlendar, sléttar graseyrar meðfram Grímsá og búið að rækta hluta þeirra. ... [F '18] Tún, sumt
hólótt, 3/4 hl. sléttir, hitt greiðfært þýfi, allgóð útgræðsluskilyrði. Engjar þýfðar mýrar um bithaga, nærtækar, grasgóðar. Beitiland nærtækt og gott f. allan pening, heldur skjóllítið og snjóþungt." SJM II, 84

**SM-068:001** *Geirólfstaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:** Túnakort 1918

**SM-068:002** *Smiðjuþýfi* örnefni smiðja
"Innst á túninu hét Smiðjuþýfi." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:003** *Hólkofahóll* örnefni útihús
"Fyrir ofan gamla bæinn hét Hólkofahóll, þar er nú íbúðarhús." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:004** *Kvíaból* örnefni kvíar
"Fyrir ofan gamla bæinn hét Hólkofahóll, þar er nú íbúðarhús. Þar inn af hét Leyningur, og þar fyrir innan var Kvíaból." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:005** *Ólafshús* heimild um fjárhús
"Utan við hólinn var fjárhús, kallað Ólafshús, kennt við vinnumann á Geirólfsstöðum, sem Ólafur hét." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:006** *Sauðhús/Miðhús* heimild um fjárhús
"Utan við hólinn var fjárhús, kallað Ólafshús, kennt við vinnumann á Geirólfsstöðum, sem Ólafur hét. Neðan við húsið hét Ólafshúsbrekka, þá var Sauðahús og Sauðhúsahól." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:007** *Traðir* örnefni leið
"neðan við bæ voru Traðir og Traðarbakkar ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:008** *Mylluhóll* örnefni mylla
"Fyrir utan Bæjarlæk hét Mylluhóll, þar var kornmylla við lækinn." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:009** *Lækjarhús* heimild um fjárhús
"Utan við læk var fjárhús, kallað Lækjarhús og Lækjarhúsbali ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-068:010** *Hesthúsgrund* örnefni hesthús
"Utan við læk var fjárhús, kallað Lækjarhús og Lækjarhúsbali; þar fyrir ofan var Hesthúsgrund, þar úr af Hesthúsbrekka, þar fyrir neðan hét Miðhúshóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4-5

**SM-068:011** *Miðhúshóll* örnefni
"Utan við læk var fjárhús, kallað Lækjarhús og Lækjarhúsbali; þar fyrir ofan var Hesthúsgrund, þar úr af Hesthúsbrekka, þar fyrir neðan hét Miðhúshóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4-5

**SM-068:012** *Hjáleiguhús* örnefni
"Yzt var Hjáleiguhús (Hjáleiga), þar var annað hesthús, og hét þar Hesthúshóll." segir í örnefnalýsingu. "Hjáleiga heitir stykki utan við bæ, en ekki kunnugt um, hvenær eða hvort hefur verið búð þar." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 5; SJM II, 84

**SM-068:013** *Hesthúshóll* heimild um hesthús
"Yzt var Hjáleiguhús (Hjáleiga), þar var annað hesthús, og hét þar Hesthúshóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 5

**SM-068:014** *Geirólfseyri* bæjarstæði býli
"Bæjarins Geirólfseyrar "fyrir vestan Skriðudalsá", þ.e. Grímsá, getur í Droplaugasona sögu. Fullvíst er talið, að bærinn hafi upphaflega staðið niður við ána, en áin hafi brotið upp landið og bærinn þá verið færður ofan og nefndur núverandi nafni." segir í Sveitum og jörðum. "Neðan við Móa og Kruggumela eru Eyrar meðfram Grímsá eða Geirólfsstaðaeyri. Þar eru sléttar harðvellisgrundir, sem áin brýtur; á Eyrunum eru rústir af stekk. [018]. Sigurbjörn Árnabjörnsson og fleiri Skriðdælingar telja, að bærinn hafi í fyrndinni staðið þarna. Hann er nefndur Geirólfseyri í fornum sögum. Á Móum er nýbýlið Lynghóll." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 83; Ö-Geirólfsstaðir, 2

**SM-068:015** *Húsabæjarhlíð* bæjarstæði býli
"Örnefnið Húsabæjarhlíð er í hálsinum ofan við bæ. Þar gætu hafa verið hinir fornu Húsastaðir, sem nefndir eru í Droplaugasona sögu og sagðir vera í Skriðdal." segir í Sveitum og jörðum. Sjá einnig: **SM-632:00.**
**Heimildir:** SJM II, 83

**SM-068:016** varða landamerki
"Landamerki Mýra og Geirólfsstaða eru: Bein lína frá Grímsá í klett, sem heitir Einbúi, þaðan bein lína í Merkimel, þaðan bein l[ína] í vörðu á fjallsbrún ..." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 1-2

**SM-068:017** *Miðaftansvarða* varða eyktamark
"Utan við Merkilæk eru vatnsfarvegir í fjallshlíðinni. Næstur er Blesugrafningur. Þar upp af er Holulág, þar rennur lækjarsytra. Þá er Langigrafningur, svo er næst fyrir utan Svartigrafningur. Svo er næst Miðaftanslág, þar er smálækur. Upp af Miðaftanslág er varða á fjallsbrún, kölluð Miðaftansvarða." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 2

**SM-068:018** tóft stekkur
"Neðan við Móa og Kruggumela eru Eyrar meðfram Grímsá eða Geirólfsstaðaeyri. Þar eru sléttar harðvellisgrundir, sem áin brýtur; á Eyrunum eru rústir af stekk." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 2

**SM-068:019** *Lambhúshæð* örnefni lambhús
"Fyrir ofan tún er Lambhúsahæð, þar fyrir ofan er Skriðumell." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 3

**SM-068:020** *Sandvörður* örnefni
"Á hálsinum ofan við ... heitir einu nafni Geirólfsstaðabunga. ... Þá eru þar gilskorningar, sem heita Innsta-

Sandvörðugil, Mið-Sandvörðugil og Yzta-Sandvörðugil. ... Hjá Sandvörðugiljum eru melar, kallaðir Sandvörður." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Geirólfsstaðir, 4

**SM-136 Sómastaðir**
Jarðardýrl. 16 hdr. JJ: bls. 375"Sómastaðir voru Kristfjárjörð ("Reyðarfjarðarhrepps fátækraeign" - J ´47) og eign Kristfjársjóðs nú, Sómastaðagerði hjáleiga þaðan og Framnes grasbýli." Sveitir og jarðir í Múlahreppi III, 148. "Landamerki milli Teigagerðis og Sómastaða er Ljósá, sem kemur úr Ljósárdal...en Grjótá skilur lönd á milli Sómastaða og Hólma." Ö-Sómastaðir bls. 1
Tún 3,2 Ha.Garðar. 558 m²

**SM-136:001** *Sómastaðir* bæjarhóll Bústaður 65°02.169N 14°06.468V
Bærinn sem merktur er inn á túnakort af Sómastöðum stendur enn. Íbúðarhúsið er hlaðið úr blágrýti og stendur 3-4 m norðan þjóðvegar. Rétt suðaustan við nýrra íbúðarhús á svæðinu sem er yfirgefið. Ekki er lengur búið á Sómastöðum en þar er starfrækt plöntusala yfir sumarmánuðina.
Fast sunnan við húsið er malbikaður vegur en norðvestan þess er malarhlað. Norðan við íbúðarhúsið er moldarflötur þar sem sem trjárækt virðist vera að hefjast enda er plöntusalan í steyptu útihúsi sunnan bæjarins.
"Gamla húsið er sérstæð og merkileg bygging reist af Hans Jakob og sonum hans um 1875. Húsið er 7,8 X 5 (utanmál), hlaðið úr blágrýti og samanbarinn smiðjumór milli steina, eikarjúffertur, líklega úr skipum, yfir gluggum. Kjallarinn mestallur í jörð, ein hæð og loft, 2 herb. niðri, 2 herb. og gangur á lofti. Þykkt veggja 80 sm, stafngluggar uppi 90 X 80 sm, en á jarðhæð 1,06 x 1 m og á kjallara 45 X 14 sm."
**Heimildir:** Túnakort; SJM III, 150.

**SM-136:002** heimild um útihús 65°02.213N 14°06.423V
Um 20 m austan bæjarins (01) er merkt inn á túnakort útihús sem hefur staðið á svipað norðanlega og íbúðarhúsið en hefur náð mun lengra til austurs og eiginlega staðið skáhalt en ekki til austurs/vesturs eins og íbúðarhúsið. Engar leifar útihúss sjást á þessum stað í dag enda hefur það staðið að hluta þar sem malbikaður vegur liggur nú. Útihúsið hefur verið þar sem nú er lítill grasbali austan íbúðarhússins og einnig þar sem vegurinn liggur nú yfir.
**Heimildir:** Túnakort.

**SM-136:003** heimild um kirkju
Samkvæmt máldögum var kirkja á Sómastöðum á 14. öld. Ekki er vitað hvar hún stóð.
**Heimildir:** Máld DI IV 227, les Wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 233 og AM 263 fol. bl. 98.

**SM-136:004** *Sandskeið* heimild um götu 65°01.921N 14°07.608V
"Rétt upp af býlinu [Framnes] er Sandskeið, reiðvegur og þjóðvegur um það." Vegurinn sem lá út Reyðarfjörð norðanmegin til forna var á svipuðum slóðum og malbikaði vegurinn liggur í dag. Á parti lá gamli vegurinn aðeins ofar og líka aðeins neðar. Á Sandskeiðinu, norðaustan við Framnes var gamli vegurinn á sama stað og malbikaði vegurinn liggur nú og voru hnit tekin þar. Norðan og sunnan vegar eru klettabelti.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir,bls. 1

**SM-136:005** *Þrívörður* varða 65°02.042N 14°07.162V
"Upp af Mjóeyri er mýrarfláki og í honum Háahraun. Upp af því hrauni eru Þrívörður." Ekki sést til neinna varða á því svæði sem kallað er Þrívörður skammt sunnan Eskifjarðarvegar. Svæðið var athafnasvæði hermanna á stríðsárunum og getur því verið að hafi einhverjar leifar varðanna staðið enn hafi þegar herinn hóf framkvæmdir á þessum slóðum en engar leifar sjást nú. Klettarnir eru Þarna er hraun- og klettasvæði sem ber ummerki stríðsáranna (sbr. 007).norðaustan við Framnes.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 1

**SM-136:006** *Mylla* heimild um myllu 65°02.257N 14°06.291V
"Mylla var utan við tún."Yst í túni, eða í raun utan túngirðingar sem í dag girðir af tún má enn greina leifar myllu. Tóftir myllunnar eru milli 70-90 m norðan vegarins til Eskifjarðar og 10-15 austan við túngirðinguna.
Mylluleifarnar eru á grösugum árbakka hjá lítilli ársprænu.
Hlaðin hefur verið eins konar renna í boga frá og að læknum. Renna þessi er um 14 m á lengd og samtals um 2 m á breidd. Rennan endar í eins konar ferhyrndri tóft sem er 2 x 2 að innanmáli.
Nokkrar hleðslur sjást í þessari tóft og hún er öll mjög greinileg. Tóftin endar út í læknum.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 2 og Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 149.

**SM-136:007** herminjar 65°02.001N 14°07.189V
"Upp af Mjóeyri er mýrarfláki og í honum Háahraun. Upp af því hrauni eru Þrívörður." Á þeim stað sem

kallaður er Þrívörður skammt sunnan Eskifjarðarvegar var á hernámsárunum herinn með nokkur umsvif. Á þessum stað var fallbyssustæði og þaðan æfðu hermenn sig að skjóta í mark. Þarna var og eftirlitsstöð og er svæðið vandlega merkt sem minjar um herminjar. Þarna er hraun- og klettasvæði og sjást þar ummerki frá stríðsárunum víða.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 1

**SM-136:008** *Hesthúsklettur* tóft Hesthús 65°02.289N 14°06.305V
"Hesthúsklettur [er] fyrir utan og ofan bæ." Tóftir útihúss sjást um 20 m sunnan við Hesthúsklett sem er fyrir vestan og ofan (norðan) bæ. Á þessum stað eru þýfð tún og smálækir renna bæði vestan og austan við.
Þýft tún milli tveggja smálækja. Tóftin er eitt hólf og 8 X 5,5 m á stærð. Tóftin er alveg hlaðin að innan. Þykkt veggjanna er 0,8-1,0 m en tóftin er 1,5 m á hæð. Op er á tóftinni til suðurs.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 2 og Sveitir og jarðir í Múlaþingi.

**SM-136:009** *Gildruhraun* heimild um refagildru 65°02.690N 14°06.196V
"Neðan við Selhjalla eru Gildruhraun." Gildruhraun er neðan við Selhjallana. Hraunið er alveg gróið og ekki fundust vísbendingar um neinar gildrur í hrauninu enda hafði enginn heimildamannanna nokkru sinni heyrt um að þær hefðu verið í hrauninu. Gróið hraunlendi fyrir ofan Sómastaði. Ekki fundust neinar gildrur í hrauninu og er ekki víst að til þeirra hafi nokkuð sést í langan tíma.

**SM-136:010** garðlag garður 65°02.211N 14°06.621V
Um 80 m norðvestan við gamla bæinn, í jarðri túnsins eru leifar garðlags. Garðurinn er að hluta rabbabarabeð í dag en hann er er rétt austan vestasta lækjarins í túni. Garðurinn er um 100 m fyrir norðan við veginn til Eskifjarðar. Þarna eru þýfðir hagar í kring en vestan við er lækjargil. Norðan garðsins er lítið klettabelti, hann er hlaðin að austan og vestan en ekkert skýlir honum að sunnan.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 2.

**SM-136:011** *Neðri-/Efri-Selhjallar* heimild um Sel
"Nær Grjótá eru Efri-og Neðri-Selhjallar (rústir á öðrum)." Neðri- og Efri-Selhjallar eru fyrir ofan Sómastaði. Þar skiptast á klettabelti, þýflendi, móar og mýrar en ekki kom skrásetjari auga á tóftir á þessum slóðum enda kannaðist enginn heimildamanna við sel- eða aðrar tóftir á þessum slóðum. Þar skiptast á klettabelti, þýflendi, móar og mýrar.
**Heimildir:** Ö-Sómastaðir, bls. 2

**SM-136:012** *Hólshús* heimild um 65°02.244N 14°06.602V
"Bæjarlækur er í túni og Hólshúslækur fyrir framan hann; þar hétu Hólshús." 5 m vestan við lækinn, þar sem hann liggur niður úr gilinu má enn sjá veggjarhleðslur sem að líkindum eru úr Hólshúsi. Um 30-40 , sunnar beygir lækurinn til vesturs þannig að veggjarbrotið er í raun í lækjarkrók. Á þessum stað eru þýfð tún að grónum klettum sem eru norðan túns. Veggjarbrot. Þarna sjást 3 m norðurveggur, vesturhorn og þaðan 2 m bútur til suðurs.

**SM-136:013** *Beitarhús* heimild um beitarhús
"Beitarhús á Sandskeiði, 100 sauðir f. aldamót."
**Heimildir:** Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 149.

**SM-136:014** heimild um beitarhús
"Beitarhús á Sandskeiði, 100 sauðir f. aldamót. Önnur á Teigum rétt neðan við veg inni á Björgum, frá Bakkagerði".
**Heimildir:** Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 149.

**SM-137 Sómastaðagerði**
Jarðardýrl. Hjáleiga frá Sómastöðum
Tún 2,6 Ha. Garður utan túns, 220 m² "Túnum og engjum er skipt ekki beitilandi, og á S. engjar upp fyrir bæ á Sómastöðum fyrir utan Heimaá. Fyrr var löngum stundaður sjór og búskapur lítill. Gamla túnið var raklent og þýft, grasgefið í þurrkatíð, og engjar álíka og á Sómastöðum, mýrar heima við. Þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar og komin stór tún, þar sem áður voru bleytuslægjur."Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 150.

**SM-137:001** *Sómastaðagerði* bæjarhóll bústaður 65°02.016N 14°06.371V
"Sómastaðagerði er gömul hjáleiga frá Sómastöðum og í sama eignarhaldi alla tíð (Kristfjárjörð). Býlið er ekki nefnt í manntölum 1703 eða 1816, en er komið á jarðaskrá 1847 (JJ'47). Bæjarhús eru 500-600 m neðan og nær sjó en Sómastaðir." Steinsteypt hús var byggt á þessum stað um 1918 en það var endanlega rifið fyrir nokkru og

nú eru engar leifar þess að þarna hafi verið búskapur. Þarna er sléttað malarhlað en á því stendur gamall úr sér genginn vörubíll. Þarna er slétt malarhlað og engin ummerki bæjarins sjást.
Samkvæmt þeim teikningum sem skrásetjari hafði undir höndum kemur álver í Reyðarfirði til með að liggja yfir bæjarstæði Sómastaðagerðis.
**Heimildir:** Túnkort og Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 150.

**SM-137:002** tóft 65°01.911 N 14°06.471 V
Tóft stendur á klöpp sem myndar lágan hól skammt utan túns, um 140 m SV frá bæjarhól, en 40 m vestan lækjar. Hún snýr að mestu A-V, aflöng, með dyr vestarlega á nyrðri langvegg. Að utanmáli er hún um 8 m löng, og 4 m breið. Að innanmáli er hún 5,5 m löng og 2,5 m breið. Grjót er í veggjum og eru þeir um 1 m breiðir. Er þetta væntanlega útihús frá Sómastaðagerði.

**SM-137:003** hleðsla 65°01.753 N 14°06.440 V
Niður við sjó, niður með læk um 200 m beint í suður frá tóft 002, er hlaðið mannvirki við flæðarmál. Þar er stakur hóll, fremur hár og um 10 m í þvermál. Er hann grösugur og jafn en hvilft ofan í hann að ofan. Ekki er að sjá mannvirkjaleifar ofan á hólnum, en manngerður virðist hann vera að einhverju leyti, því í vesturkantinum neðst er greinileg hleðsla úr grjóti. Er hún úr meðalstóru fjörugrjóti, snýr nánast N-S, og sjást um 12 metrar af henni við hólsræturnar.

**SM-137:004** hleðsla 65°01.821 N 14°06.297 V
Um 250 m sunnan við bæjarhólinn og 100 m austar en 003 grjóthleðsla í bakkanum við fjöruna. Er hægt að rekja hana um 7 m leið, frá N til S. Hún er um 80 sm breið og 40-50 sm há, en ekki úr stóru grjóti. Hugsanlegt er að hún hafi náð frá fjörubakkanum og alla leið út í sjó, því um 10 m sunnar, þ.e. í flæðarmálinu, vottar fyrir steinaröð sem gæti hafa verið framald á henni til suðurs.

**SM-137:005** tóftir 65°01.814 N 14°06.219 V
Um 260 m sunnan við bæinn og um 50 m austan við 003 er hlaðið mannvirki. Skiptist það í tvö hólf: hið vestara er ferhyrnt að lögun, um 3 m á hvorn veg. Engar dyr eru sjáanlegar. Fast við austurvegg þess er annað hólf, opið í suðurenda, á móts við sjóinn. Norðurgaflinn er um 3 m langur, en að innanmáli er tóftin um 2,5 m. Austurveggurinn er 8 m langur. Hleðslurnar í veggjunum eru úr grjóti, um 40 sm breiðar en misháar, allt frá 20 sm og um eða yfir 1 m.
Um 35 m austan við 005 er steyptur húsgrunnur sem stendur á sjávarkambinum.

**SM-137:006** tóft 65°01,916 N 14°06.215 V
Í túninu, um 40 m suðaustur frá bænum stóð timburkofi sem fallið hefur nýlega. Eru timburleifar þar á víð og dreif. Hefur hann staðið í eldri tóftum, en ummerki þó svo óljós að ekki verður slegið á þau máli.

**SM-138 Teigargerði**

**SM-138:001** *Teigargerði* bæjarhóll bústaður

**SM-138:002** *Hesthústótt* heimild um hesthús
"Í túni . . . Hesthústótt heitir fyrir framan tún. . . . Segir í örnefnasrká, en þar segir einnig: "Næst fyrir utan lækinn [Djúpagilslæk] er Hesthúslækjareyri..." "Að innan er aftur Miðgilslág, nú í túni, þá er Hesthúsmelur, framan við Hesthúsgil".
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:003** *Fjárhúslækur* heimild um fjárhús
"Næst fyrir utan lækinn [Djúpagilslæk] er Hesthúslækjareyri . . . Fjárhúslækur. . ." segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:004** *Kvíahraun* heimild um kvíar
"Rétt fyrir ofan bæ er Hall, þá Kvíahraun . . . " segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:005** *Stekkur* heimild um stekk
"Rétt fyrir ofan bæ er Hall, þá Kvíahraun, Hallmelur, Stekkur, utan og neðan við melinn, Stekkjarhvammur, Stekkjarhraun . . . "
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:006** *Götuhraun* heimild um götu
"Aftur að innan er Hábrún efri og neðri, út af þeim Axlir efri og neðri og Götuhraun, ærgötur. . . " segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:007** *Selmýri* heimild um sel
"Að innan aftur Selmýri. . . " segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:008** *Maríutótt* heimild um bústað
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-138:009** *Teigargerðisklöpp* heimild um lendingu
"Lent var við Teigargerðisklöpp" segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Teigargerði

**SM-139 Bakkagerði**

**SM-139:001** *Bakkagerði* bæjarhóll bústaður

**SM-139:002** *Fjósmelur* heimild um fjós
"Fjósmelur heitir fyrir ofan bæ..."
**Heimildir:** Ö-Bakkagerði

**SM-139:003** *Fiskihraun* heimild
"Á Stórubrún er þrír klettar, Fiskihraun innst. . ." segir í örnefnaskrá.
**Heimildir:** Ö-Bakkagerði

**SM-139:004** *Búðará* heimild um búð
Búðará er á merkjum Bakkagerðis og Kollaleiru.

**SM-139:005** *Sel* heimild um sel
"Svæðið fyrir utan Dýjadal út að landamerkjum heitir Selmýri. Þar heitir og Sel og mun þó hafa verið heystæði aðeins, nema eldra sé," segir í örnefnaskrá.
**Heimildir:** Ö-Bakkagerði

**SM-140 Kollaleira**

**SM-140:001** *Geithúsaá* heimild um geitakofa
"Njörvadalsá fellurí Geihúsaá, en út á Nesi er hún kölluð Norðurá . . ." segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:002** *Kolakinn* heimild um kolagröf
"Kinn er upp með ánni [Njörvadalsá], kölluð Kolakinn (engar menjar)" segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:003** *Naustbotn* heimild um naust
"Naustbotn heitir fram og niður af túni" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:004** *Hesthústún* heimild um hesthús
"Á túni heitir Framtún, Hólatún eða Hólar, þar niður af Lágatún, Hesthústún og úttún" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:005** *Kvíagil* heimild um kvíar
"Kvíagil heitir fyrir utan tún innan við Búðarmel" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:006** *Árnastekkur* heimild um stekk
"Partur af Njörvadalsárgili utan við Árnastekk heitir Árnastekksgil" segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:007** *Stekkur* heimild um stekk
"Fyrir utan Flóa heita Stekkabrekkur og Stekkahjalli upp af. Stekkurinn var fyrir neðan brekkurnar" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-140:008** *Gömlu-Fjárhús* heimild um fjárhús
"Upp af Litla-Hrauni eru Gömlu-Fjárhús (engar menjar)" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Kollaleira

**SM-141 Seljateigur**

**SM-141:001** *Seljarteigur* bæjarhóll bústaður

**SM-141:002** *Geithúsatættur* heimild um geitakofa
"Fyrir neðan á Seljateigshálsi er (Háenni) Háaenni, svo neðan við brekkur fast við á er Völvustekkur og Geithúsatættur." "Geithúsará fellur um Sléttadal" segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:003** *Biskupshlaup* heimild
"Á Fagradal eru . . . Biskupshlaup. Þar tjaldaði Guðmundur góði á leið til að vígja Skrúðinn . . . Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:004** *Hryggsel* heimild um sel
"Við Skriðuhól byrjar Fagradalsárgljúfur, og steypist áin þar fram af í Fagradalsárfossi. Hrútabotnar eru næst fyrir neðan Skriður . . . Þá er Hryggsel, dæld og hryggur, þar eru tættur" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:005** heimild um beitarhús
Skv. örnefnaskrá voru beitarhús á Efri-Skógarhöfða
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:006** heimild um beitarhús
Skv örnefnaskrá voru beitarhús á Puntbala
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:007** heimild um stekk
"Melshorn heitir yst í melunum og Móatagl út af því fyrir innan Geithúsaá. Þar voru gamlar stekkjartættur" segir í örnefnaskrá
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:008** *Völvustekkur* heimild um stekk
"Fyrir neðan á Seljateigshálsi er (Háenni) Háaenni, svo neðan við brekkur fast við á er Völvustekkur og Geithúsatættur. . . Þar á vala [svo!] að vera grafið" segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:009** *Miðbarð* heimild
"Í Miðbarði kom bóndi niður á stóra og vel hlaðna tótt, langa og mjóa" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:010** *Hesthústún* heimild um hesthús
"Hesthústún . . . innan við bæ" segir í örnefnalýsingu ÓJ, og "Í túni er yst Hesthúsbrekka", segir í örnefnalýsingu JB.
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur

**SM-141:011** heimild
"Króksgil heitir fyrir framan Grundina og Króksflói í Blánni. Þar eru miklar tættur" segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Jóhann Björnsson)

**SM-141:012** *Heygarðslág* heimild
"Efst í Sellöndum er Engihjalli, en neðan við Mið-Sellönd Tjaldhjalli, heyskapur á báðum. Besta engið þarna er Heygarðslág á milli hjallanna" segir í örnefnalýsingu ÓJ
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:013** heimild um sel
"Sellöndin [á Sléttadal] skiptast í Út-Sellönd, Mið-Sellönd og Fram-Sellönd. Neðst í Mið-Sellöndum er Þröskuldsmýri ofan við Selá . . . Á Þröskuldsmýri eru miklar (sel) tættur" segir í örnefnalýsingu ÓJ.
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:014** *Kvíaból* heimild um kvíar
"Í túni er Kvíaból út og uppi" segir í örnefnalýsingu ÓJ
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:015** *Þrílangur* heimild um fjárhús
Í túni: "Þrílangsbarð heitir eftir fjárhúsi, sem kallað var Þrílangur, lengt þrisvar sinnum" segir í örnefnalýsingu ÓJ
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:016** *Hringhústún* heimild
Í túni: örnefnið Hringhústún.
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:017** *Lukkutóttarstykki* heimild
örnefni í túni
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-141:018** heimild um myllu
"Fyrir utan tún er Holt og Myllulækur. . . " segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Seljarteigur (Ólafur Jónasson)

**SM-142 Seljateigshjáleiga**
Sjá Seljateig

**SM-143 Áreyjar**

**SM-143:001** *Áreyjar* bæjarhóll bústaður

**SM-143:002** *Hvalvarða* heimild
Hvalvarða er innst á Þórdalsheiði, undir austurhlíð Brúðardalsfjalls. (Ath. sama og SM-055:024)

**SM-143:003** heimild um smalakofa
"Utan við þær [þ.e. Hæðir, niðri við Áreyjaá] eru Dokkur, þar næst Kofalækur, Kofagjá og Kofabali (með rústum af smalakofa, víðsýnt). . . " segir í örnefnaskrá.
**Heimildir:** Ö-Áreyjar

**SM-143:004** *Stekkahjalli* heimild um stekk
"Út af honum [Indriðabotni] er Stekkahjalli. . . " segir í örnefnalýsingu
**Heimildir:** Ö-Áreyjar

**SM-621 fornleifar á fleiri en einni jörð**

**SM-621:001** heimild um leið
"Á einokunartímabilinu 1602-1787 var Breiðavík við Reyðarfjörð verslunarstaður Vallamanna. Hefur þá verið farið um Eyvindardal og Eskifjarðarheiði af Austurvöllum en Skógarmenn Hallormsstaðaháls, þriggja tíma lestargang yfir í Skriðdal og Þórdalsheiði, sex tíma lestargang, sömu leiðir og farnar voru eftir að verslunin fluttist að Búðareyri við Reyðarfjörð á þessari öld." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 127

**SM-621:002** heimild um leið
"Á einokunartímabilinu 1602-1787 var Breiðavík við Reyðarfjörð verslunarstaður Vallamanna. Hefur þá verið farið um Eyvindardal og Eskifjarðarheiði af Austurvöllum en Skógarmenn Hallormsstaðaháls, þriggja tíma lestargang yfir í Skriðdal og Þórdalsheiði, sex tíma lestargang, sömu leiðir og farnar voru eftir að verslunin fluttist að Búðareyri við Reyðarfjörð á þessari öld." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 127

**SM-621:003** heimild um leið
"Á tímabilinu sem verslað var á Seyðisfirði, 19. öldinni og fyrstu árum þeirrar tuttugust, var Fjarðarheiði kaupstaðagata Vallamanna." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 127

**SM-621:004** heimild um leið
"Þaðan [Eyvinarárdal] greindust vegir til Fjarðanna: ... inn Tungudal yfir Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar, og austur Slenjudal yfir Mjóafjarðarheiði til Mjóafjarðar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Útnyrðingsstaðir, 5

**SM-621:005** heimild um leið
"Þaðan [Eyvinarárdal] greindust vegir til Fjarðanna: ... inn Tungudal yfir Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar, og austur Slenjudal yfir Mjóafjarðarheiði til Mjóafjarðar." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** Ö-Útnyrðingsstaðir, 5

**SM-631:001** heimild um leið
"Áður lá Skriðdalur allvel við samgöngum á landi. Því nær eina leiðin til Suðausturlandsins lá um dalinn endilangann og áfram um Breiðdalsheiði eða Öxi." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:002** heimild um leið
"Einnig var fjölfarin leið af öllu Upphéraði og Efri-Jökuldal þvert yfir dalinn miðjan, um Þórudal og Þórudalsheiði til Reyðarfjarðar." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:003** heimild um leið
"Fleiri leiðir voru einnig stundum farnar,þó aðallega af gangandi mönnum og með fjárrekstra; má nefna Stafsheiði og Vatnsdal til Norðurdals í Breiðadal, Hjálpleysu til Reyðarfjarðar, Djúpadal til Fáskrúðsfjarðar og yfir Hraungarð til Fljótsdals, en aðalleiðin til Fljótsdals lá yfir Hallormsstaðaháls milli Hallormsstaðar og Geirólfsstaða." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:004** heimild um leið
"Fleiri leiðir voru einnig stundum farnar,þó aðallega af gangandi mönnum og með fjárrekstra; má nefna Stafsheiði og Vatnsdal til Norðurdals í Breiðadal, Hjálpleysu til Reyðarfjarðar, Djúpadal til Fáskrúðsfjarðar og yfir Hraungarð til Fljótsdals, en aðalleiðin til Fljótsdals lá yfir Hallormsstaðaháls milli Hallormsstaðar og Geirólfsstaða." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:005** heimild um leið
"Fleiri leiðir voru einnig stundum farnar,þó aðallega af gangandi mönnum og með fjárrekstra; má nefna Stafsheiði og Vatnsdal til Norðurdals í Breiðadal, Hjálpleysu til Reyðarfjarðar, Djúpadal til Fáskrúðsfjarðar og yfir Hraungarð til Fljótsdals, en aðalleiðin til Fljótsdals lá yfir Hallormsstaðaháls milli Hallormsstaðar og Geirólfsstaða." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:006** heimild um leið
"Fleiri leiðir voru einnig stundum farnar,þó aðallega af gangandi mönnum og með fjárrekstra; má nefna Stafsheiði og Vatnsdal til Norðurdals í Breiðadal, Hjálpleysu til Reyðarfjarðar, Djúpadal til Fáskrúðsfjarðar og yfir Hraungarð til Fljótsdals, en aðalleiðin til Fljótsdals lá yfir Hallormsstaðaháls milli Hallormsstaðar og Geirólfsstaða." segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildir:** SJM II, 78

**SM-631:007** heimild um leið
"Fleiri leiðir voru einnig stundum farnar,þó aðallega af gangandi mönnum og með fjárrekstra; má nefna Stafsheiði og Vatnsdal til Norðurdals í Breiðadal, Hjálpleysu til Reyðarfjarðar, Djúpadal til Fáskrúðsfjarðar og yfir Hraungarð til Fljótsdals, en aðalleiðin til Fljótsdals lá yfir Hallormsstaðaháls milli Hallormsstaðar og Geirólfsstaða." segir í Sveitum og jörðum. "Upp af Flögu er Heiðarendi; þegar farið er Buðlungavallarheiði frá Flögu til Fljótsdals, þá er farið yfir heiðarendann. Þetta er varðaður vegur." segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:** SJM II, 78; Ö-Flaga, 3

**SM-632 Óstaðsetjanlegar fornleifar**

**SM-632:001** *Húsastaðir* bæjarstæði býli
"Ketill hét maðr, er kallaðr var þrymr. Hann bjó í Skriðdal á Húsastöðum."
Heimildir: IF XI, 137.